



Ársskýrsla

Grunnskóli Fjallabyggðar
Skólaárið 2015-2016

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Hagnýtar upplýsingar um skólann	7
Aðsetur, símanúmer og heimilisfang.....	7
Stjórnendur skólans:.....	7
Starfsmannahald.....	7
Skrifstofa skólans.....	7
Forföll nemenda	7
Leyfi frá skóla	8
Starfstími skóla	8
Skóladagur nemenda.....	8
Nemendafjöldi	9
Námsval	9
Skólamötuneyti.....	9
Lengd viðvera.....	10
Skólaakstur	10
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar	10
Upplýsingagjöf:	11
Upplýsingagjöf:	11
Verstu aðstæður:.....	11
Hvað gerum við ef kviknar í ?	12
Próunarstarf og áherslur á skólaárinu	13
Eineltisteymi	14
Uppbyggingarteymi	14
Umhverfis- og hreystiteymi	14
Námskrárteymi	14
Rit- og vefstjórn heimasíðu skólans.....	15
IPad teymi.....	15
Námsnefnd	15
Samskiptanámskeið	16
Önnur verkefni.....	16
Þjóðarsáttmáli um læsi.....	16
Samstarf við skóla í öðrum löndum.....	16

Vinaliðaverkefnið.....	17
Uppbyggingarstefna – uppeldi til ábyrgðar.....	18
Skólareglur Grunnskóla Fjallabyggðar.....	19
Umgengnisreglur.....	20
Hlutverk í skólabílnum.....	20
Farsíma/snjalltækja reglur.....	20
Á miðstigi gilda eftirfarandi reglur:.....	20
Á eldra stigi gilda eftirfarandi reglur:.....	21
Öryggisreglur Grunnskóla Fjallabyggðar.....	22
Skólaráð.....	22
Skipun skólaráðs.....	22
Hlutverk skólaráðs.....	22
Foreldrasamstarf.....	23
Félags - og tómstundastarf.....	24
Nemendaráð.....	24
Stoðþjónusta.....	25
Nemendaverndarráð.....	25
Greiningar.....	26
Sálfræðiþjónusta.....	26
Talmeinafræðingur.....	26
Náms- og starfsráðgjöf.....	26
Skólaheilsugæsla.....	26
Öryggi í skólanum.....	28
Öryggisverðir.....	28
Annað skipulag.....	28
Skipting skólaársins í annir.....	28
Forvarnir.....	28
Námsferðir.....	29
Atburðardagar.....	29
Samstarf við fyrirtæki og stofnanir.....	31
Heimsóknir í skólann.....	31
Skólabókasafn.....	32
Samræmd próf.....	32
Sjálfsmat skólans.....	33

Endurmenntun.....	34
Fylgiskjöl	34

Inngangur

Sjötta skólaári Grunnskóla Fjallabyggðar er lokið. Skólastarfið gekk vel í vetur. Kraftur og dugnaður einkenndi starf nemenda og ekki síður starfsmanna. Nemendur hafa tekist á við verkefni sem þroska þá og efla. Sigrar nemenda eru margvíslegir, stórir og smáir. Í skólanum fer fram fjölbreytt starf. Við brjótum upp hefðbundna stundaskrá reglulega og tökumst á við verkefni tengd Uppbyggingarstefnu, Olweusaráætlun, umhverfi okkar og hreyfingu. Við viljum stuðla að hreysti á líkama og sál. Uppbrotsdagar geta verið krefjandi og skemmtilegir þótt þeir falli í grýttan jarðveg hjá einhverjum. Það ánægjulegasta við þessa daga eru viðbrögð nemenda, en frá þeim hafa komið setningar á borð við „Þetta er skemmtilegasti dagur lífs míns, í skólanum“.

Allt er breytingum háð. Eitt af því sem við horfumst í augu við á skólaárinu er fráfall Guðmundar Inga Jónatanssonar smíðakennara. Fyrir ári síðan kenndi hann sér meins og kvaddi þessa jarðvist í desember. Við söknum Guðmundar Inga og minnumst hans með hlýhug því hann reyndist góður kennari og góður samstarfsfélagi.

Síðustu ár hafa skólar á Íslandi verið að innleiða nýja aðalnámskrá sem tók gildi 1. ágúst sl. *Aðalnámskrá grunnskóla lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk. Hún er jafnframt viðmiðun við samræmt námsmat í grunnskólum, mat á skólum og skólastarfi. Hún er leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð og kennaramenntun, grundvöllur skólanámskráargerðar, sjálfsmats skóla og stefnumörkunar sveitarfélaga. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra svo að þeir geti fylgst með starfsháttum skólans, árangri skólastarfs, velferð og líðan nemenda. Aðalnámskrá veitir einnig nemendum margháttaðar upplýsingar um skólastarf.*

Í aðalnámskrá segir: „Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem litið er til efnahags og atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga, tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt.“ Tilvitnun lýkur.

Í október sl. komu aðilar á vegum Menntamálastofnunar og gerðu úttekt á skólastarfinu, svokallað ytra mat sem tekur mið af aðalnámskrá. Markmið ytra mats er m.a. að tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og auka gæði náms og stuðla að umbótum í skólastarfinu. Niðurstöðurnar má lesa í skýrslu sem er aðgengileg á heimasíðu

menntamálaráðuneytisins. Niðurstöðurnar voru kynntar í skólasamfélaginu og í framhaldi var stofnuð umbótanefnd sem vann að umbótaáætlun, sem hefur verið skilað.

Í skýrslunni er ýmislegt sem við getum verið stolt af. Þar segir: „Lögð er áhersla á að öllum líði vel í skólanum og skólinn er með mótaða stefnu um hegðun, samskipti, félagsþroska og heilbrigði. Gagnkvæm virðing ríkir og sammæli eru um að skólinn leitist við að sinna öllum nemendum án aðgreiningar. Aðbúnaður nemenda og námsumhverfi er almennt gott og nemendur koma vel fram og sýna góða hegðun í kennslustundum. Nemendur hafa vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Skólinn hefur á að skipa menntuðum kennurum og sérmenntuðu fagfólki. Skólinn skipuleggur stuðning við nám á fjölbreyttan hátt.“ Tilvitnun lokið.

En við þurfum að bæta árangur nemenda og byggja upp metnað til þess í skólasamfélaginu. Um þann þátt segir í skýrslunni: „Markvisst þarf að vinna að því að bæta árangur nemenda. Uppfæra verður námsáætlanir svo þær byggji á gildandi aðalnámskrá og birta áætlanir um nám og kennslu opinberlega. Sýna í námsvísunum og námsáætlunum hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir og áhuga allra nemenda. Gera þarf nemendum betur grein fyrir markmiðum náms og auka þátt þeirra í að meta eigin árangur.“ Tilvitnun lokið.

Við í Grunnskóla Fjallabyggðar erum að gera marga hluti ágætlega og sérstaklega er ég ánægð með þættina sem varðar líðan, hegðun og samskipti. Það er gott að fá staðfestingu fyrir því að þessir þættir eru í lagi hjá okkur því ég tel þá grundvöll farsæls starfs og forsendur þess að vinna að bættum árangri.

En betur má ef duga skal. Í náinni framtíð verðum við **öllum** að vinna að bættum árangri og þá sérstaklega árangri eldri nemenda því niðurstöður samræmdra prófa frá 2010 sýna að yngstu nemendur okkar standa sig betur. Við megum til að leggja meira að mörkum og uppskera betur. Þegar ég segi **við** þá meina ég allir þ.e. nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að Þjóðarsáttmáli um læsi hefur verið undirritaður í öllum sveitafélögum landsins af menntamálaráðherra, fulltrúum sveitarfélaga og landssamtökum foreldra - Heimili og skóli. Með undirrituninni staðfestu þeir sameiginlegan skilning á mikilvægi læsis til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína, samfélaginu öllu til velferðar.

Nýlega var gerður samningur á milli menntamálaráðuneytisins og landssamtaka foreldra - Heimili og skóli, um læsissáttmála fyrir foreldra. Á haustmánuðum munu sérfræðingar Heimilis og skóla ferðast um landið og kynna læsissáttmálann undir yfirskriftinni **Áttu korter á dag**. Ætlunin er auka samstarf foreldra og skóla um læsishám barna. Það er von mín að þessu átaki verði vel tekið og að læsissáttmálinn verði til þess að efla læsi í okkar samfélagi til framtíðar. Ég trúi því að með samstarfi foreldra og skóla munum við ná að bæta árangurinn.

Ég óska þess að allir nemendur lesi heima með foreldrum í korter á dag, líka í sumar. Það getur gert gæfu muninn.

Að endingu langar mig til að þakka fyrir veturinn. Það er von mín og trú að áfram vaxi og dafni starfið í skólanum okkar. Að metnaður ríki og að við sameinumst um að auka árangur nemenda. Fyrir hönd skólans þakka ég félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum stuðninginn á skólaárinu. Nemendum fyrir samveruna, foreldrum vil ég þakka samstarfið, áhugann og stuðninginn við skólastarfið. Starfsfólkinu þakka ég þolinmæði, gleði og samvinnu.

Eftirfarandi skýrsla gefur mynd af sjötta starfsári Grunnskóla Fjallabyggðar.

Fjallabyggð 15. júní 2016

Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri



Nemendur 10. bekkjar við útskrift 6. júní 2016

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Aðsetur, símanúmer og heimilisfang

Grunnskóli Fjallabyggðar
v/Norðurgötu

580 Siglufirði

Aðalsímanúmer skólans: 464 9150

Netfang skólaritara: ritari@fjallaskolar.is

Netfang skólastjóra: jonina@fjallaskolar.is

Skólinn er starfræktur í tveimur starfsstöðvum:

1.-7. bekkur við Tjarnarstíg Ólafsfirði

1.-4. bekkur og 8.-10. bekkur við Norðurgötu Siglufirði

Stjórnendur skólans:

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri jonina@fjallaskolar.is

Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri gudunn@fjallaskolar.is

Sigurlaug Ragna Guðnadóttir deildarstjóri unglingadeildar sillar@fjallaskolar.is

Starfsmannahald

Við skólann störfuðu á skólaárinu 48 starfsmenn alls. Dæmi er um að starfsmaður sinni tveimur 50% stöðum s.s. lengd viðvera/stuðningsfulltrúi og skólaráðgjafi/þroskaþjálfari. Þannig eru 24 kennarar og stjórnendur, 2 leiðbeinendur, 1 skólaráðgjafi, 2 þroskaþjálfarar, 1 iðjuþjálfari, 1 skólaritari, 5 starfsmenn við lengda viðveru, 6 skólaliðar, 6 stuðningsfulltrúar, 1 skólahjúkrunarfræðingur og 2 umsjónarmenn húsnæða.

Samvinna er við Tónskóla Fjallabyggðar um tónmenntakennslu. Eins kemur starfsfólk íþróttahúsanna að skólastarfi þar sem kennsla fer fram í þeim húsum.

Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er til húsa í starfsstöðinni við Norðurgötu Siglufirði. Ritari skólans er Unnur Guðrún Rögnvaldsdóttir

Sími ritara og aðalnúmer skólans: 464 9150

Netfang: ritari@fjallaskolar.is

Forföll nemenda

Veikindi og önnur forföll nemenda skal foreldri eða forráðamaður tilkynna í byrjun hvers skóladags til ritara skólans.

Mikilvægt er að veikindi séu tilkynnt á hverjum degi standi þau yfir lengur en einn skóladag.

Leyfi frá skóla

Umsjónarkennara er heimilt að gefa nemanda leyfi frá skólasókn í allt að tvo skóladaga. Ef óskað er eftir lengra leyfi ber að leita til skólastjórnenda.

„Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur“.

(samkv.15. gr laga um grunnskóla nr. 91/2008)

Starfstími skóla

Skólastarf hófst 13. ágúst með námskeiðisdögum kennara og stuðningsfulltrúa. Tveggja daga námskeið um notkun iPad spjalddölvu í skólastarfi var haldið var dagana 13.-14. ágúst.

Skólasetning var mánudaginn 24. ágúst og skólaslit voru síðan mánudaginn 6. júní. Jólafri hófst að loknum litlu jólum föstudaginn 18. desember og skólastarfið hófst á nýju ári með skipulagsdegi mánudaginn 4. janúar.

Sjá fylgiskjal: Skóladagatal 2014-2015

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda í 1.-4. bekk skólans hófust kl. 8:00 og lauk kl. 13:00

Skóladagur nemenda í 5.-7. bekk skólans hófust kl. 8:30 og lauk kl. 14:20

Skóladagur nemenda í 8.-10. bekk skólans hófust kl. 8:00 og lauk ýmist 13:50 eða 14:40

Skólarúta för frá Ólafsfirði kl. 7:35 á morgnanna og frá Siglufirði kl. 8:00



Nemendur 1. og 2. bekkjar á Siglufirði ásamt kennara sínum á Degi einhverfra

Nemendafjöldi

Skólaárið 2015-2016 var nemendafjöldi skólans 202. Á unglíngastigi (8. -10. bekk) sem kennt var við Norðurgötu voru 71 nemandi. Á yngra stigi Siglufjarðarmegin (1.-4. bekk) voru 48 nemendur og á yngra stigi og miðstigi Ólafsfjarðarmegin (1.-7. bekkur) voru 83 nemendur. Í skólabyrjun voru 202 nemendur við skólann og allar tölur miðast út frá því.

Yngrastig:

1.bekkur Siglufirði	17 nemendur	Umsj.kenn.	Halla Óladóttir
1.bekkur Ólafsfirði	12 nemendur	Umsj.kenn.	Erla Gunnlaugsdóttir
2.bekkur Siglufirði	10 nemendur	Umsj. kenn.	Halla Óladóttir
2.bekkur Ólafsfirði	8 nemendur	Umsj.kenn.	Erla Gunnlaugsdóttir
3. bekkur Siglufirði	10 nemendur	Umsj.kenn.	Sigríður Karlsdóttir
3. bekkur Ólafsfirði	8 nemendur	Umsj.kenn.	Erla Gunnlaugsdóttir
4. bekkur Siglufirði	11 nemendur	Umsj.kenn.	Sigríður Karlsdóttir
4. bekkur Ólafsfirði	7 nemendur	Umsj.kenn.	Erla Gunnlaugsdóttir

Miðstig:

5. bekkur	17 nemendur	Umsj.kenn.	Sigurlaug Guðjónsdóttir
6. bekkur	16 nemendur	Umsj.kenn.	Ása Árnadóttir
7. bekkur	15 nemendur	Umsj.kenn.	Marín Gústafsdóttir

Eldrastig:

8. bekkur	22 nemendur	Umsj.kenn.	Arnheiður Jónsdóttir
9. bekkur	25 nemendur	Umsj.kenn.	Halldóra María Elíasdóttir
10. bekkur	24 nemendur	Umsj.kenn.	Brynhildur Reykjalin Vilhjálmsdóttir

Námsval

Í 8.bekk geta nemendur valið milli nokkurra námsgreina sem nemur 2 tímum á viku. Í 9. og 10. bekk geta nemendur valið milli ákveðinna námsgreina sem nemur 6 kennslustundum á viku. Í þessu námsvali eru bæði verklegar og bóklegar námsgreinar. Sjá nánar námsvalseðil og greinargerð með vali í fylgiskjöllum.

Skólamötuneyti

Boðið var upp á heitar skólamáltíðir í vetur. Veitingastaðurinn Allinn Sportbar sá nemendum í skólahúsinu við Norðurgötu fyrir skólamáltíðum. Nemendur mötuðust í matsalnum í skólahúsinu. Veitingastaðurinn Höllin sá nemendum við Tjarnarstíg fyrir skólamáltíðum. Nemendur mötuðust í matsalnum í skólahúsinu. Við framleiðslu á skólamáltíðum skal fara eftir ráðleggingum Manneldisráðs og Lýðheilsustöðvar. Verð á skólamáltíð til nemenda var í skólabyrjun 462.-kr og hækkaði í 486.-kr um áramót.



Nemendur 7. bekkjar á Vorhátíð skólans.

Lengd viðvera

Aðsetur lengdrar viðveru er í skólahúsinu Norðurgötu á Siglufirði og skólahúsinu við Tjarnarstíg í Ólafsfirði.

Markmið með starfinu er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barnanna, að þeim líði vel og fái notið sín í frjálsum leik, þar sem sá tími sem þau dvelja er í raun frítími þeirra.

Fyrir hvern er lengd viðvera?

Lengd viðvera er í boði fyrir nemendur 1. – 3. bekkjar. Starfstími þjónustunnar fylgir skóladagatalinu. Foreldrar greiða fyrirfram fyrir þjónustuna og sér skólaritari um skráningar.

Skólaakstur

Nemendum í 8. - 10. bekk úr Ólafsfirði var ekið til Siglufjarðar að morgni og til baka að skóladegi loknum.

Nemendum í 5.-7. bekk frá Siglufirði var einnig ekið til Ólafsfjarðar að morgni og til baka að skóladegi loknum.

Hópförðabílar Akureyrar er þjónustuaðili. Aksturstafla var unnin í samvinnu við Menntaskólann á Tröllaskaga og Fjölskyldudeild Fjallabyggðar.

Sjá skólaaksturstöflu í fylgiskjölum

Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar

Skólaakstur: Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun þegar skólaakstur er felldur niður en í samráði við skólastjóra.

Að morgni: Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7.00. Um leið og ákvörðun um niðurfellingu hefur verið tekin fyrir flyst ábyrgð ákvörðunar og komandi ferill í hendur skólastjóra.

Upplýsingagjöf:

1. skref Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á vef skólans <http://grunnskoli.fjallabyggd.is> og foreldrum sendur tölvupóstur og sms-skeyti
2. skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina svo hann geti gefið réttar upplýsingar strax við opnun skiptiborðs.

Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta hvort barn á erindi í skólann. Aðstæður fólks eru ólíkar og börnin misjafnlega í stakk búin til að fara út í vont veður. Foreldrar tilkynna skólanum um forföll vegna veðurs ef þeir treysta sér ekki til senda barn í skólann vegna veðurs, færðar eða slæms veðurútlits.

Starfsmenn mæta á þá starfsstöð sem þeir komast til og taka þátt í því starfi sem fram fer þar. Áhersla skal lögð á manntal og niðurstöður bornar saman við forfallaskráningu. Þeir nemendur sem komast til skóla fara í sínar stofur samkvæmt stundaskrá eða í annað starf sem tekur við ef kennsla fellur niður.

Á skólatíma: Ef upp koma þær aðstæður að fella þarf niður skólaakstur á skólatíma eru meginreglur þessar:

Upplýsingagjöf:

1. skref Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á vef skólans <http://grunnskoli.fjallabyggd.is> og send foreldrum í tölvupósti og sms-skeyti.
2. skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina og hann skipuleggur úthringingu til foreldra.

Dvöl í skólanum: Í þessu tilviki þurfa nemendur að dvelja í skólahúsnæðinu þar til bílstjóri telur mögulegt að koma nemendum heim. Í þessum tilvikum skal óska eftir fylgd lögreglu og/eða björgunarsveitar með skólabíl, af öryggisástæðum. Sú beiðni er á ábyrgð skólastjóra.

Ef forráðamenn óska þess að sækja börn sín, er það sjálfsagt. Skal þó alltaf fylgst grannt með og skrá niður þær brottfarir nemenda.

Verstu aðstæður:

Ef dvöl barna í skólanum lengist verulega vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum fá nemendur hressingu í boði skólans kl. 16.00 og aftur kl. 18.30. Eigi síðar en að loknu síðara matarhléi skal meta á ný stöðuna hvort hægt sé að flytja nemendur og starfsmenn til sinna heimkynna.

Ef hins vegar er ógjörningur er að flytja nemendur heim fyrir nóttina skal ákvörðun tekin um náttstað nemenda í samráði við foreldra. Skólinn skráir upplýsingar um dvalarstað nemenda. Skólinn útvegar gistirými fyrir þá nemendur sem það þurfa.

Þetta skólaár þurfti að fella niður skólaakstur alls 4 daga. En það voru dagarnir 2. des, 5. feb, 16. feb og 14. mars.

Hvað gerum við ef kviknar í ?

Við byrjum á að gera vart við eldinn sími: **112**. Ef við berum ábyrgð að hópi barna þá stundina reynum við að ná í einhvern annan starfsmann til að hringja brunaboða/neyðarhringingu brunakerfis skólans ef brunakerfið hefur ekki farið í gang.

Kennarar sem eru við kennslu þegar eldur kemur upp.

Þeirra eina hlutverk er að koma nemendum sem þeir kenna klakklaust út úr húsinu. Það gerist með eftirfarandi hætti:

- Tekið manntal til að athuga hvort allir eru í stofunni.
- Áætluð útgönguleið könnuð, byrjað á að þreifa á hurðinni til að athuga hvort hún sé heit.
- Ef leiðin reynist fær er hópurinn leiddur út í einfaldri röð, kladdinn tekinn með. Athugið að þeir sem nota sama útgang fara í fyrirfram ákveðinni röð, skv. ákvörðun kennara t.d. stafrófsröð.
- Ef fyrsta útgönguleið er lokuð er nemendum hjálpað út um björgunarop (neyðarútganga).
- Hópurinn er síðan leiddur út á skólalóð þar sem manntal er tekið aftur og tilkynnt ef einhvern vantar.
- Beðið eftir tilkynningu frá skólastjórnendum um næstu skref.

Ef kviknar í í frímínútum bera kennarar ábyrgð á hópum sem þeir eiga að kenna eftir frímínúturnar. Nemendur eiga að safnast saman á skólalóðina og þar reyna kennarar að ganga úr skugga um að enginn sé inni í skólanum.

Starfsfólk í blönduðum störfum (skólaliðar)

Hlutverk þess er að tryggja að ekki séu hindranir á leið nemenda út og að enginn verði eftir inni, t.d. á snyrtingum. Helstu atriði eru:

- Opna útihurðir til fulls.
- Færa það sem getur tafið nemendur á leið frá húsinu.
- Fara inn í auðar kennslustofur, snyrtingar og önnur rými sem nemendur geta leynst í til að tryggja að enginn verði eftir inni.
- Ef aðstæður leyfa þarf að loka gluggum og hurðum til að tefja framrás eldsins.

Kvikni í í frímínútum þarf fyrst og fremst að huga að síðustu tveimur liðunum. Foreldrar eru látnir vita með tölvupósti gegnum Mentor ef til rýmingar kemur.

Þróunarstarf og áherslur á skólaárinu

Öryggi, vellíðan og gleði í skólastarfi eru þættir sem eru okkur í Grunnskóla Fjallabyggðar mikilvægir. Ef við náum að veita nemendum okkar þessa þrjá þætti eru okkur allir vegir færir til þess að virkja sköpunargleði og rækta hæfileika hvers og eins nemanda. Við viljum sýna nemendum okkar stuðning í námi og gefa þeim færi á samvinnu og samstarfi við aðra nemendur og starfsfólk til þess að þroska samskiptahæfni og vinna gegn hverskyns fordómum. Við leggjum áherslu á að nemendur okkar þjálfist í því að bera ábyrgð á eigin námi og framkomu með jákvæðum uppbyggilegum samskiptum þar sem hegðun, virðing, heiðarleiki og sanngirni eru höfð að leiðarljósi. Við viljum leggja metnað í skólastarfið þannig að nemendur okkar fái góða og fjölbreytta reynslu og menntun. Við vinnum að hreysti og heilbrigði líkama og sálar og í sátt við umhverfi okkar og samfélag. Einnig vinnum við skv ART sem stendur fyrir Agression Replacement Training og nánar hægt að lesa um á www.isart.is

Áherslur skólans á skólaárinu 2015-2016 voru:

- Einstaklingsmiðað nám og fjölbreytt námsmat
- Uppbyggileg og jákvæð samskipti
- Hreysti og heilbriggt lífverni
- Mikil samvinna kennara utan um nemendahópa
- Vinna gegn einelti í anda Olweusaráætlunar
- ART
- Innleiðing nýrrar aðalnámskrár
- Nán samvinna við samfélagið
- Vinaliðaverkefnið



Nemendur 10. bekkjar heimsækja MTR

Við skólann voru starfandi fagteymi sem stýrðu faglegri samvinnu kennara við skólann.

Eineltisteymi

Eineltisteymi stýrir vinnu gegn einelti í anda Olweusar. Teymið vinnur að því að innleiða, viðhalda og þróa vinnubrögð starfsmanna skólans til samræmis við Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Teymið skipuleggur fyrirlögn könnunar sem lögð er fyrir nemendur 4.-10. bekkjar árlega. Teymið ákveður viðbrögð skólans við grunsemdum um einelti sem kunna að koma upp og kynnir á starfsmannafundi í október. Teymið bregst við þeim tilkynningum sem berast skólanum um grun um einelti. Teymið vinnur í samstarfi við Þorlák Helgason, forsvarsmann verkefnisins hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Að þessu sinni var teymið samtvinnað stoðteymi skólans.

Í teyminu eiga sæti: Sigurlaug Ragna Guðnadóttir, Erla Gunnlaugsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Kristín Anna Guðmundsdóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir

Uppbyggingarteymi

Teymið vinnur að innleiðingu stefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga*. Teymið skipuleggur tímasetta áætlun um framgang verkefnisins á skólaárinu og kynnir á starfsmannafundi í október. Meginatriði stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Efni um stefnuna má m.a. sjá á heimasíðu Álftanesskóla <http://alftanesskoli.is/>

Í teyminu eiga sæti: Sigurlaug Guðjónsdóttir, Marín Gústafsdóttir, Gyða Þóra Stefánsdóttir og Sigurbjörg Bjarnadóttir.

Umhverfis- og hreystiteymi

Teymið vinnur að hugmyndum til að auka hreysti og heilbrigði nemenda og starfsfólks skólans. Teymið kemur hugmyndum að skipulagi hreystidaga á framfæri við kennara og skipuleggur framkvæmd þeirra. Teymið sér um áætlun um framgang verkefnisins á skólaárinu ásamt áformum á næstu árum og kynnir á starfsmannafundi í október. Teymið vinnur jafnframt að forvarnaráætlun skólans í samráði við skólahjúkrunarfræðing og námsráðgjafa. Einnig vinnur teymið að því að innleiða, viðhalda og þróa vinnubrögð í skólanum til samræmis við verkefnið „Skólar á grænni grein“. Teymið skipuleggur tímasetta áætlun um framgang verkefnisins á skólaárinu og kynnir á starfsmannafundi í október. Hér á landi er verkefnið í höndum Landverndar. Á heimasíðu Landverndar <http://www.landvernd.is/graenfaninn/> má finna upplýsingar um verkefnið.

Í teyminu eiga sæti: María Bjarney Leifsdóttir, Jónína Björnsdóttir, Halla Óladóttir og Kristín Brynhildur Davíðsdóttir.

Námskrárteymi

Teymið vinnur að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar fyrir skólann sem samræmist aðalnámskrá grunnskóla, Olweusaráætlun, stefnunni Uppeldi til ábyrgðar-uppbygging sjálfsaga og heilsusamlegum gildum. Teymið vinnur í nánú samstarfi við skólastjórnendur og

starfsfólk skólans. Einnig gerir teymið áætlun og fylgist með innleiðingu aðalnámskrár. Þá sér teymið um að útbúa og fylgja eftir sjálfsmatsáætlun skólans en þar er notast við sjálfsmatstækið *Gæðagreinar*.

Í teyminu eiga sæti: Halldóra María Elíasdóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Sigríður Karlsdóttir og Kristján Jóhannsson.

Rit- og vefstjórn heimasíðu skólans (heimasíðuteymi)

Teymið vinnur við vef- og ritstjórn heimasíðu skólans og heldur henni virkri m.a. með því að setja inn fréttir, efni og myndir tengdar skólastarfinu. Safna þarf upplýsingum um skólann á síðuna jafnóðum og þær verða til til þess að þær gefi góða mynd af skólastarfinu, stefnu skólans, námskrá og starfsháttum. Vanda ber framsetningu efnis.

Í teyminu eiga sæti: Sigríður Ingimundardóttir og Guðný Róbertsdóttir

IPad teymi

Teymið var stofnað í byrjun skólaárs og er hlutverk þess að kanna möguleika við innleiðingu og notkun Ipada í kennslu. Huga þarf að samræmingu á reglum og notkun og hvernig hagkvæmast er að hafa í kennslu og hvaða smáforrit eru nauðsynleg og hver á að hafa aðgang að og stjórna niðurbali á kennsluöppum. Ýmislegt varðandi aðgang og umgengni þarf að skipuleggja og móta þarf reglur sem gilda eiga þegar tæki er notað af mörgum einstaklingum. Vistun gagna/verkefna þarf að vera trygg og móta þarf stefnu til að nýting tækjanna verði til betri árangurs í námi.

Í iPad teyminu eiga sæti: Una Dögg Guðmundsdóttir, Ása Árnadóttir, Mundína Valdís Bjarnadóttir og Brynhildur R Vilhjálmsdóttir.

Námsnefnd

Stofnuð var námsnefnd í Grunnskóla Fjallabyggðar í byrjun nóvember 2015. Námsnefndin hafði það hlutverk að auka lýðræði og vera vettvangur fyrir nemendur til þess að hafa áhrif á nám og kennslu. Nefndin var skipuð sex fulltrúum nemenda úr 8. -10. bekk, skólastjóra, deildarstjóra og einum kennara unglingsstigs. Nefndin fundaði að meðaltali einu sinni í mánuði. Í námsnefndinni gátu nemendur komið skoðunum, viðhorfum og óskum sínum á framfæri, auk þess fengu kennarar aðhald og ráðgjöf varðandi ýmislegt sem snéri að námi og kennslu. Námsnefndin gat lagt til breytingar á kennsluháttum, skipulagi og áherslum í skólanum. Hlutverk nemenda sem sátu í námsnefnd var að kynna hugmyndir nefndarinnar fyrir nemendahópnum á bekkjarfundum og fá hugmyndir frá nemendum til að fara með inn í námsnefnd til umfjöllunar.

Fulltrúar nemenda sem sátu í námsnefndinni skólaárið 2015-2016 voru Helgi Fannar og Halla Karen úr 10. bekk, Thelma Lind og Eva Hrud úr 9. bekk, Joachim og Jón Pétur úr 8. bekk.

Fulltrúi kennara sem sat í nefndinni var Una Dögg Guðmundsdóttir.

Alls voru sex fundir í námsnefndinni haldnir yfir skólaárið og gengu þeir ljómandi vel.

Nemendur komu með margar góðar ábendingar um það sem betur má fara í námi þeirra og í

kennslunni. Einnig komu þeir á framfæri óskum samnemenda sinna um margs konar breytingar sem þeir vildu sjá í skólanum. Nemendur komu einnig með góðar ábendingar um námsval á unglíngastíginu. Mikið var rætt um hvernig hægt væri að ná betri námsárangri á unglíngastíginu og gott að sjá nemendur hugsa um það. Fundargerðir er að finna inn á samgögnnum kennara.

Samskiptanámskeið

Skólaráðgjafi og deildarstjóri unglíngadeildar fóru á námskeiðið „Erfið samskipti stúlkna“ fyrir skólabyrjun í ágúst 2015 í Reykjavík. Námskeiðið byggir á hugmyndum bandarískra fræðimanna sem sett hafa saman áætlun fyrir skóla um hvernig má vinna með stúlkum sem eiga í samskiptavanda. Efnið hefur verið rannsakað og reynt á Íslandi og skilaði góðum árangri.

Ákveðið var að keyra námskeiðið í okkar skóla fyrir áramót með stúlkunum í 7. bekk og eftir áramót með stúlkunum í 6. bekk.

Í lok skólaársins skiluðu teymin greinargerð um starf vetrarins, sjá fylgiskjöl.

Önnur verkefni

Þjóðarsáttmáli um læsi

Þjóðarsáttmáli um læsi var undirritaður í Grunnskóla Fjallabyggðar þann 31. ágúst 2015. Þetta var samningur á milli Fjallabyggðar og mennta- og menningarmálaráðherra þar sem aðilar starfestu sameiginlegan skilning á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Aðilar munu vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018.

Samstarf Grunnskóla Fjallabyggðar og skóla í öðrum löndum.



Um árabíl (frá 2006) hefur skólinn verið í samstarfi við „Scoil Iosaef Naofa“ í bænum Cobh í Cork á Írlandi. Þar tekur 4. bekkur þátt í fuglaverkefni, þar sem jaðrakanar í aðalhlutverki. Verkefnið er sýnilegt á sameiginlegri heimasíðu skólanna. <http://scoiliosaefnaofa.com/> Á skólaárinu 2015-16 var samstarfsbekkurinn það stór að 3. bekkur gat eignast pennavini eins og 4. bekkur, en náttúrufræðihlutinn var eingöngu fyrir 4. bekk.

Á árinu 2016 bættist annar skóli við í jaðrakanaverkefninu, skólinn „Gaelscoil Mhichíl Uí Choileáin“ í bænum Clonakilty á Írlandi. Þar er 6. bekkur samstarfsbekkur 6. bekkjar ÁÁ við

Grunnskóla Fjallabyggðar. Samstarf þeirra byggðist mest á skype samtölum. M.a. kynntu írsku krakkarnir fyrir þeim íslensku það sem þeir höfðu verið að læra um eldgos o.fl. og spurðu spurninga um landið. Vonast er til að framhald geti orðið á þessu samstarfi bekkjanna.

<https://www.facebook.com/GaelscoilMhichilUiChoileain/?pnref=story>

<http://gaelscoilcnag.ie/>



„Dearyou“ var stofnað í Finnlandi árið 2013 og er tilgangurinn að börn í ólíkum löndum og heimsálfum kynnist og læri um siði þeirra og venjur. Í hverjum mánuði eru unnin verkefni og send til pennavinanna, og í staðinn fær bekkurinn verkefni þeirra sent að utan. Verkefnin tengjast námsþáttum hvers bekkjar, samþætting námsgreina eins og myndmenntar og samfélags- og náttúrufræði. 1. og 2. bekkur HÓ gerðist þátttakandi og vinabekkur þeirra er í skólanum „Amy Parks Heath Elementary School“ í Heath í Texas. <http://www.dearyouartproject.com/happenings/2016/2/26/from-iceland-to-texas-with-love> Samskiptin hófust í byrjun janúar 2016 og síðasta verkefnið var unnið í maí.



Nemendur 6. bekkjar í fuglaskoðun

Vinaliðaverkefnið

Í vetur var haldið áfram að vinna með vinaliðaverkefnið við Tjarnarstíginn en það verkefni gengur út á það að virkja alla nemendur í leik í frímínútum. Sérstakir vinaliðar eru kosnir úr 5.-7. bekk og sjá þeir um að stjórna leikjum og passa upp á að enginn verði útundan og allir sem vilja, veri með. Umsjónamaður verkefnisins er María Bjarney Leifsdóttir



Vinaliðar að störfum

Uppbyggingarstefna - uppeldi til ábyrgðar

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er stuðst við starfsaðferðir Uppbyggingarstefnunnar - Uppeldis til ábyrgðar. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfsstjórn og ýta undir sjálfstraust.

Fagteymi um Uppeldi til ábyrgðar er starfandi og heldur það utan um innleiðingu starfsaðferðarinnar.

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en margar reglur, á ábyrgð og virðingu fremur en blinda hlýðni. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Settar eru fáar en skýrar grundvallarreglur í skólanum ásamt umgengnisreglum í hverri starfsstöð.



Nemendur við Tjarnarstíg á Uppbyggingardegi

Skólareglur Grunnskóla Fjallabyggðar

Mikilvægur þáttur í uppbyggingu er að öllum sé ljóst hvert sé hlutverk þeirra og lífsgildi. Virðing er leiðarljós í samskiptum.

Hlutverk kennara og annars starfsfólks er að:

- sinna starfi sínu samkvæmt bestu sannfæringu
- eiga samvinnu við nemendur og foreldra um farsæla skólagöngu
- svara spurningum
- útskýra á marga vegu
- framfylgja reglum
- láta sig nemendur varða
- aðstoða við gerð uppbyggingaáætlana

Hlutverk nemanda er að :

- læra samkvæmt bestu getu
- vinna með kennara og samnemendum
- spyrja
- láta vita ef illa gengur eða vanlíðan gerir vart við sig
- fylgja reglum
- hlusta á aðra
- gera uppbyggingaáætlanir

Skólareglur Grunnskóla Fjallabyggðar eru samdar í samræmi við Uppbyggingar-stefnuna. Gert er ráð fyrir að bekkjardeildir skólans geri með sér bekkjarsáttmála. Skólareglurnar og viðurlög við brotum á þeim eru samin með hliðsjón af reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskólum og með hliðsjón af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 en þar segir í upphafi 14. greinar.

„Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.“

Skólareglur Grunnskóla Fjallabyggðar gilda hvar sem nemendur og starfsmenn eru á vegum skólans. Þær byggja á því grundvallarsjónarmiði að nemendur séu komnir í skólann til þess að læra í friði, sátt og samlyndi við aðra.

Við eigum að:

- koma vel fram við alla í skólanum með því að sýna kurteisni og tillitssemi
- vera stundvís og hafa nauðsynleg gögn með okkur
- fara eftir fyrir mælum alls starfsfólks
- leggja rækt við vinnu okkar, virða og skapa vinnufrið
- ganga vel um skólann og fara vel með eigur okkar og annarra

- hugsa vel um heilsu okkar, umhverfi og náttúru

Umengnisreglur

- tölum af kurteisi
 - göngum vel um eigur okkar, annarra og skólans
 - sinnum hlutverkum okkar samkvæmt bekkjarsáttmála
 - göngum vel um skólabíl og gætum fyllsta öryggis
 - notkun síma á kennslutíma er óheimil
 - sýnum kurteisi og tillitssemi í mötuneyti skólans og göngum frá eftir okkur
 - neytum ekki gosdrykkja né sælgætis nema með sérstöku leyfi
- Brot á umengnisreglum ber að skrá í dagbók nemanda á Mentor. Umsjónarkennari fylgist með skráningum og metur hvort nemandi þurfi frekari aðstoð til að fylgja umengnisreglum.

Hlutverk í skólabílnum

Hlutverk nemenda í skólabíl:

- Sitja í sínum sætum og hafa öryggisbelti spennt
- Sýna öðrum farþegum virðingu og tillitssemi
- Ganga snyrtilega um skólabílinn
- Fara gætilega inn og út úr bílnum
- Fara eftir fyrirmælum starfsfólks og bílstjóra

Hlutverk rútuþiða:

- Hjálpa nemendum að gæta öryggis í bílnum
- Aðstoða nemendur ef þeir eiga í vanda
- Ákveða sætaskipan í rútnni
- Vera bílstjóra til aðstoðar

Farsíma/snjalltækja reglur

Á miðstigi gilda eftirfarandi reglur:

Farsíma/snjalltækja reglur:

- Öll notkun farsíma/snjalltækja er óheimil í **yngrideild** nema með **sérstöku leyfi** kennara.
- Það er **algjörlega** bannað að taka myndir, hjóðupptökur eða myndbrot án **sérstaks leyfis** í skólanum.
- Því ber að hafa **slökkt** á farsímum/snjalltækjum í skólanum, hafi maður ekki fengið **sérstakt leyfi**.
- Öll notkun farsíma/snjalltækis er **óheimil í íþróttahúsi**.



- Kennara/starfsmanni ber að **taka** farsíma/snjalltæki sem nemandi verður uppvís af að misnota.

Viðurlög við farsíma/snjalltækja misnotkun

- Í lok dags afhentir umsjónarkennari nemanda símann/tækið til baka ásamt því að hafa samband heim og láta vita.
- Við endurtekið brot þá þarf foreldri að sækja símann/tækið í skólann til umsjónarkennara.

Á eldra stigi gilda eftirfarandi reglur:

Farsíma/snjalltækja reglur:

- Öll notkun farsíma/snjalltækja er óheimil á kennslutíma í **eldri deild** nema með **sérstöku leyfi** kennara.
- Það er **algjörlega** bannað að taka myndir, hjóðupptökur eða myndbrot án **sérstaks leyfis** í skólanum.
- Því ber að hafa **slökkt** á farsímum/snjall-tækjum á kennslutíma, hafi maður ekki fengið **sérstakt leyfi**.
- Kennslutími er sá tími sem kennsla fer fram samkvæmt stundatöflu. **Íprótta- og sundtímar eru líka kennslutímar** (þar eru læstir skápar).
- Kennara/starfsmanni ber að taka farsíma/snjalltæki sem nemandi verður uppvís af að misnota og afhenda foreldrum í lok dags.
- Neiti nemandi að afhenda farsímann/snjalltækið þá er honum vísað úr kennslustund og hringt í foreldra.

Viðurlög við farsíma/snjalltækja misnotkun:

- Símar og önnur snjalltæki sem misnotuð hafa verið og tekin af nemendum eru afhent **foreldrum** í lok skóladags á skrifstofu skólastjóra.
- Sé nemenda vísað úr tíma vegna brots á farsíma/ snjalltækja reglum skal umsjónakennari, deildarstjóri eða skólastjóri ræða við hann og hringja í foreldra.
- Við **endurtekin brot** verður nemenda **meinað** að koma með símann/snjalltækið í skólann.



Nemendur á miðstigi á skíðadegi í Skarðinu

Öryggisreglur Grunnskóla Fjallabyggðar

Við eigum aldrei að :

- beita andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi
- beita ógnunum, ögrunum eða hótunum né niðurlægjandi athugasemdum
- koma með eða beita bareflum, vopnum eða eldfærum
- mismuna á nokkurn hátt t.d. vegna uppruna, litarháttar, trúar, kyns eða kynhneigðar
- neyta tóbaks, áfengis eða fíkniefna

Öryggisreglurnar eru skýr mörk um óásættanlega hegðun. Þegar nemandi brýtur öryggisreglur og fer yfir skýru mörkin er brugðist við með því að :

- Nemandi er fjarlægður úr hópnum og vísað á skrifstofu skólastjórnaða.
- Skólastjórnaði eða annar starfsmaður í fjarveru hans, tekur nemandann til umsjónar.
- Ef skólastjórnaði er ekki til taks er hringt í hann.
- Skólastjórnaði ræðir við nemandann og aðstoðar hann við að finna leiðir til úrbóta. Nemandinn er aðstoðaður við að gera áætlun um hvernig hann geti mætt þörfum sínum án þess að ógna öryggi sínu eða annarra og hvernig læra megi af mistökum og byggja upp innri styrk.
- Ef nemandi gengst ekki við því eða sýnir ekki viðleitni til að bæta ráð sitt þarf að kalla til foreldri/forráðamann.
- Í versta falli vísar skólastjóri nemanda úr skóla tímabundið.
Brot á öryggisreglum ber að skrá í dagbók nemanda á Mentor.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skipun skólaráðs

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar annað hvert ár.

Eftirtaldir aðilar skipa skólaráð Grunnskóla Fjallabyggðar auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra:

Fyrir hönd foreldra: Berglind Hrönn Hlynsdóttir, Hrönn Hafþórsdóttir og Katrín Freysdóttir

Fyrir hönd kennara: Arnheiður Jónsdóttir

Fyrir hönd annara starfsmanna skólans: Sigríður Ósk Salmannsdóttir

Fyrir hönd nemenda: Tveir fulltrúar úr nemendaráði

Hlutverk skólaráðs

Samkvæmt reglugerð um skólaráð fyrir grunnskóla er hlutverk þess að:

- fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum,
- fjalla um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- taka þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Sjá nánar reglugerð um skólaráð við grunnskóla 1157/2008

Foreldrasamstarf

Niðurstöður rannsókna sýna að stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan. Velferð nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Við Grunnskóla Fjallabyggðar er starfandi skólaráð, þar sem foreldrar eiga fulltrúa. Foreldrafundir eru tvisvar á skólaárinu auk sameiginlegra skemmtana foreldra og nemenda. Nemendur mæta í viðtöl í lok haust- og vetrarannar með foreldrum sínum.

Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði til foreldra í gegnum tölvusamskipti. Foreldrar hafa fengið lykilorð að Mentor sem veitir þeim aðgang að ýmsum upplýsingum sem varðar þeirra börn.



Nemendur 1.-4. bekkjar v/Norðurgötu á bleikum degi

Félags - og tómstundastarf

Yngri deild:

- Jólaföndur. Nemendur og foreldrar komu saman og fönnduðu í tilefni að komu jólanna. Jólaföndrið var dagana 2. og 4. desember. Þessa daga var 7. bekkur með kaffisölu í fjáröflunarskyni.
- Nemendur 7. bekkjar héldu diskó fyrir nemendur í 5.-7. bekk. Alls voru 9 diskó haldin í vetur. Foreldrar nemenda í 7. bekk hjálpuðu til við diskóin og sáu um gæslu.
- Hæfileikakeppni 1.-7. bekkjar var haldin í Tjarnarborg 28. janúar en þar tóku þátt um 30 nemendur ýmist einir eða í hóp.
- Vorhátíð var haldin 13. apríl í Tjarnarborg í Ólafsfirði. Allt yngra stigið, þ.e. 1.-7. bekkur kom þá saman og stóð fyrir skemmtun sem hófst á samsöng nemenda en síðan var hver og einn bekkur með sitt atriði.

Eldri deild:

- Spurningakeppnin School quiz var í löngu frímínútum annan hvern fimmtudag í vetur. Keppnin var á vegum nemendaráðs og voru það starfsmaður nemendaráðs og deildarstjóri unglíngadeildar sem sáu um framkvæmdina. Að jafnaði tóku átta lið þátt í keppninni og voru veitt verðlaun á Litlu jólnum og í skólalok fyrir stigahæstu liðin.
- Árshátíð eldri deildar var haldin 27. maí í Tjarnarborg í Ólafsfirði. Nemendur 10. bekkjar stjórnðu skemmtuninni en allir bekkir í eldri deild komu með skemmtiatriði. Hátíðarmatur var fram borinn sem að þessu sinni var keyptur frá Aðalbakaranum á Siglufirði. Nemendur í 10. bekk máttu bjóða með sér 2 gestum hver en síðan gátu gestir 8.-9. bekkjar komið og horft á skemmtiatriðin.

Skólinn á samvinnu við félagsmiðstöðina Neon sem starfrækt er í gamla Billanum á Siglufirði og í UÍF-húsinu í Ólafsfirði. Sömu nemendur skipa nemendaráð og félagsmiðstöðvarráð.



5. bekkur við gróðursetningu plantna

Nemendaráð

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal starfa nemendafélag við skólann. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólustjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Við Grunnskóla Fjallabyggðar starfar nemendaráð. Eftirtaldir nemendur áttu sæti í ráðinu í vetur:

Formaður: Guðmundur Árni Andrésson

Varaformaður: Sigríður Ása Guðmarsdóttir

Meðstjórnendur: Hilmar Þór Halldórsson, Ásdís Ósk Gísladóttir, Júlía Birna Ingvarsdóttir og Guðjón Fannar Magnússon

Nemendaráð lagði til að fá íþróttasal skólans til afnota í löngu frímínútum í vetur og úr því varð. Nemendaráð skipulagði og sá um leiki í salnum og gekk það vel. Einnig sá nemendaráð um að spurningkeppni yrði á unglíngastiginu annan hvern fimmtudag í löngu frímínútunum. Og skipulagði nokkra þemadaga í skólanum t.d. náttfatadag, bláan dag, bleikan dag o.s.frv.



Keppendur í innanskólakeppni Skólahreystis

Stoðþjónusta

Stoðteymi er starfandi við skólann. Það sér um skipulag sérkennslu og annarrar sérþjónustu við skólann. Í teyminu eru þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og verkefnisstjórar sérkennslu. Það fundar einu sinni til tvisvar í mánuði eftir þörfum og skiptir með sér störfum. Sjá skýrslu stoðteymis í fylgiskjölum.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fer yfir þörf og samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi sérkennslu, námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu. Fundir nemendaverndarráðs eru eftir þörfum í hverri deild. Í því sitja ásamt skólastjóra, deildarstjóra og/eða aðstoðarskólastjóra; sérkennari, þroskaþjálfar og fulltrúi heilsugæslu. Fulltrúi félagsþjónustu er síðan kallaður á fundi ráðsins eftir því sem við á.

Fjallað er um málefni einstakra nemenda með vitund foreldra og einnig getur nemendaverndarráð boðað foreldra á fund sinn.

Ef foreldrar vilja vísa málefnum barna sinna til nemendaverndarráðs skulu þeir koma þeirri ósk á framfæri við umsjónarkennara sem síðan kemur því áleiðis. Einnig geta umsjónarkennarar, með leyfi foreldra/forráðamanna, vísað málefnum einstakra nemenda til nemendaverndarráðs. Tilvísanir eru ræddar á fundum ráðsins sem metur hvaða nemendum skuli sinnt á hverjum tíma og á hvern hátt.

Greiningar

Þegar talin er þörf á er einstaka nemanda vísað í alhliða þroskamát og/eða í sérhæfða greiningu hjá sérfræðingum utan skólans í samráði við foreldra. Það á við t.d. ef skólinn telur sig ekki geta metið stöðu hans með sínum mælitækjum.

Sálfræðiþjónusta

Sveitarfélagið Fjallabyggð hefur samið við Pétur Maak Þorsteinsson sálfræðing um þjónustu í vetur. Pétur sem er starfandi sálfræðingur á Akureyri kemur í skólann reglulega, a.m.k. tvisvar í mánuði. Tilvísanir til Péturs fara í gegnum stöðteymi skólans. Ef foreldrar óska eftir að Pétur komi að málum barna sinna hafa þeir samband við umsjónarkennara barnsins eða skólaráðgjafa skólans.

Talmeinafræðingur

Sonja Magnúsdóttir talmeinafræðingur kom í skólann og sinnti nemendum sem þurftu á hennar aðstoð að halda. Meðal verkefna er málþroskaskimun, eftirfylgni og þjálfun þeirra nemenda sem eiga við málþroska- eða talvanda að etja. Tilvísanir til talmeinafræðings fara í gegnum stöðteymi og/eða skólaþjónustu Fjallabyggðar. Ef foreldrar óska eftir þjónustu talmeinafræðings hafa þeir samband við umsjónarkennara barnsins eða skólaráðgjafa skólans. Allar niðurstöður talmeinafræðings eru sendar foreldrum.

Náms- og starfsráðgjöf

Ekki tókst að ráða í starf námsráðgjafa í vetur og því var námsráðgjafalaust við skólann. Hins vegar var Margrét Guðmundsdóttir þroskaþjálfari ráðin í 50% stöðu skólaráðgjafa og vann hún að ýmsum velferðarmálum er tengjast námi og líðan nemenda.

Hvað varðar námsráðgjöf var Guðný Jóna Þorsteinsdóttir námsráðgjafi á Dalvík fengin til að heimsækja 10. bekk á vorönn og lagði hún fyrir þau áhugasviðskönnun og fleira sem tengist þeirra framtíðaráformum.

Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur starfar við Grunnskóla Fjallabyggðar með viðveru á báðum starfsstöðvum. Skólaritari gefur upplýsingar um viðverutíma skólahjúkrunarfræðings.

Markmið skólaheilsugæslu.

1. Bæta andlega og líkamlega heilsu og líðan skólabarna.
2. Auðvelda aðgengi barns að faglegum stuðningi.

3. Auðvelda kennurum að vísa vandamálum til heilsugæslu.
4. Auðvelda samskipti foreldra skólabarna við heilsugæsluna.

Með viðveru skólahjúkrunarfræðings er skólabörnum gert kleift að leita aðstoðar með margvísleg heilsufarsleg vandamál, andlega vanlíðan eða til að spjalla um mál sem þeim eru hugleikin. Skólahjúkrunarfræðingurinn starfar sem milligöngumaður eða stýring á samskiptum barnanna, kennara og foreldra við heilsugæsluna og sem samstarfsmaður sérfræðinga á borð við sálfræðing, talmeinafræðing, þroskajálfa og fleiri sem að málum koma. Meginmarkmiðið er að tryggja opin og virk samskipti allra hagsmunaaðila skólabarnanna til að bæta líðan þeirra í skólanum.

Framkvæmd.

1. Hjúkrunarfræðingur í 50% stöðu.
2. Viðvera skólahjúkrunarfræðings á báðum starfsstöðvum.
3. Teymisvinna: Skólahjúkrunarfræðingur, heilsugæslulæknir, skólastjórnendur, kennarar, sálfræðingur (og aðrir sérfræðingar) og foreldrar skólabarna.
4. Skólaskoðanir.
5. Kynningarátak á heilsugæslu fyrir 9. bekk.
6. Sérstök heilsuverkefni og forvarnastarf.

Mikil áhersla er lögð á ræktun tengsla og myndun trausts milli skólabarnanna og skólahjúkrunarfræðings en það er grunnur þess að vel gangi að leysa úr vandamálum og erfiðleikum sem upp koma. Þessi traust og tengslamyndun getur tekið langan tíma en hver dagur vinnur með okkur að settu marki. Mikið veltur á því að samskipti séu góð á milli allra sem koma nálægt áður nefndri teymisvinnu og þar er þáttur foreldra og kennara stór.

Skólaskoðanir eru mikilvægt tæki til að komast að því hvernig börnunum líður því þar gefst tækifæri til að nálgast þau á einstaklingshæfan hátt og reynist þeim oft auðveldara að tjá áhyggjur sínar, vanlíðan og vellíðan. Skólaskoðanir eru ekki eingöngu til þess að huga að líkamlegu ástandi barnanna heldur einnig til að komast að andlegu ástandi þeirra. Heilsugæslustarfið er kynnt fyrir 9. bekkjum með því að bjóða þeim í heimsókn þangað. Með því er reynt að efla áhuga þeirra á eigin heilsu og eyða mögulegum ótta þeirra og vanþekkingu á því starfi sem þar fer fram.

Forvarnastarf er mikilvægur þáttur í skólaheilsugæslu því með góðum forvörnum er hægt að minnka hættuna á heilsufarsvandamálum sem upp kunna að koma síðar á lífsleiðinni. Í þessu felast m.a. forvarnir og fræðsla á sviði reykinga, áfengis og annara fíkniefna, kynsjúkdóma, næringar og hreyfingar o.f.l. Nýtt er forvarnafræðsla sem unnin í samstarfi heilsugæslunnar, Lýðheilsustöðvar, Landspítalans og Landlæknisembættis. **Fræðslan hefur fengið nafnið 6. H heilsunnar og er aðgengileg öllum á netfanginu www.6h.is**

Skólaheilsugæsla er mikilvægt starf sem getur tryggt bestu mögulega líkamlega og andlega heilsu þeirra sem okkur öllum er dýrmætast, börnunum okkar. Með opnum og hreinskilnum samskiptum getum við náð að skapa börnunum heilsusamlegt og þægilegt umhverfi sem þeim líður vel í.

Öryggi í skólanum

Öryggisverðir

Öryggisverðir eru umsjónarmenn skólahúsanna

Starfsstöð við Tjarnarstíg Ólafsfirði: Guðbjörn Arnbjörnsson

Starfsstöð við Norðurgötu Siglufirði: Hafþór Ari Kolbeinsson

Annað skipulag

Skipting skólaársins í annir

Skólstarfinu er skipt niður í þrjár annir, sem enda allar með námsmati. Formlegt námsmat var því afhent þrisvar sinnum yfir skólaárið, í foreldraviðtölum um miðjan nóvember og um miðjan febrúar og síðan við skólaslit í byrjun júní. Skólaslitin voru þrískipt, í íþróttasal við Norðurgötu á Siglufirði, í kirkjunni á Ólafsfirði og síðan í Siglufjarðarkirkju þar sem nemendur 10. bekkjar voru útskrifaðir.

Forvarnir

Skólinn vinnur stöðugt með forvarnir og er sú vinna yfirleitt í höndum umsjónakennara og skólahjúkrunarfræðings. Skólinn hefur verið í samstarfi við lögreglu með umferðarfræðslu, fræðslu um útivistartíma og hjálmanotkun á yngri stigi. Einnig hefur skólinn unnið að forvörnum gegn einelti í anda Olweusar og við skólann er starfandi eineltisráð. Í vetur var lögð fyrir eineltiskönnun í 4.-10. bekk.

Slökkviliðsstjóri heimsótti nemendur og ræddi við þá um öryggi í brunamálum auk þess sem rýmingaræfingar voru haldnar í húsunum.

Skólinn bauð upp á námskeið í skyndihjálp fyrir þá nemendur í 10. bekk sem það völdu.

Námskeiðið var hluti af námsvali nemenda.

Foreldrafélag skólans bauð öllum nemendum upp á fyrirlestur Selmu Hermannsdóttur „Ást gegn hatrí“ sem var liður í baráttunni gegn einelti. Faðir Selmu, Hermann Jónsson hélt svo fyrirlestur fyrir foreldra um það hvernig hann tók á eineltinu sem Selma varð fyrir.



Nemendur 1. bekkjar fengu reiðhjólahljálma að gjöf



Selma með nemendum v/Tjarnarstíg

Námsferðir

Námsferðir eru nokkrar á vegum skólans yfir skólaárið. Flestar eru unnar í góðu samstarfi við foreldra sem oft aðstoða með að keyra og fleira því líkt.

- 1.-2. bekkur umsjónakennari skipuleggur ferð og fær foreldra til samstarfs varðandi akstur
- 3.-4. bekkur umsjónakennari skipuleggur ferð og fær foreldra til samstarfs varðandi akstur
- 5. bekkur umsjónakennari skipuleggur ferð og fær foreldra til samstarfs varðandi akstur, Safnaferð í Skagafjörð.
- 6. bekkur umsjónakennari skipuleggur ferð og fær foreldra til samstarfs varðandi akstur
- 7. bekkur Reykir í Hrótafirði
- 10. bekkur Óvissuferð (fjáröflun)

Öll unglingadeildin fór til Akureyrar að fylgjast með undankeppni Skólahreysti sem þar fór fram í mars, einnig var farið í bíó. 7. bekkur fór í sína árvissu Reykjaferð vikuna 19.-23. október.

Atburðardagar

Ákveðnir atburðardagar eru á dagskrá yfir skólaárið og eru þeir merktir sérstaklega inn á skóladagatalið.

Hreystidagar voru 5 á skólaárinu og sá hreystiteymið um skipulagningu þeirra. Sjá nánari greinargerð frá hreystiteymi í fylgiskjali.



Nemendur í fjöruferð á hreystidegi í okt

Dagur án eineltis var haldinn föstudaginn 6. nóvember. Allir nemendur skólans unnu verkefni og fleira í tengslum við einelti og hvernig best sé að koma í veg fyrir það. Allir nemendur og starfsfólk skólans skrifuðu undir eineltissáttmála. Dagurinn heppnaðist vel.

Litlu jólin voru haldin föstudaginn 18. desember fyrir nemendur 1.-7. bekkjar. Við Tjarnarstíg sá 6. bekkur um helgileikinn eins og hefð er fyrir þar en í yngri deild á Siglufirði sá 4. bekkur um helgileikinn eins og hefðin er þar. Dansað var í kringum jólatré og sungin jólalög við undirleik tónskólafólks. Eftir það fóru nemendur með umsjónakennurum í stofurnar og áttu þar rólega stund, hlustað var á jólasögu og fleira skemmtilegt. Jólasveinarnir létu sjá sig í

yngrri deildunum en það var 8. bekkur sem sá um þá upptöku. Unglingadeildin ætlaði að halda sín litlu jóla seinnipart fimmtudagsins 17. desember en þurfti að fresta þeim um sólarhring vegna veðurs og voru litlu jólin í unglingsdeild seinnipart föstudagsins 18. desember v/Norðurgötu. Nemendur og starfsmenn sungu saman jólalög við undirleik tónskólakennara. Þá fóru nemendur með umsjónarkennurum í bekkjarstofur og héldu stofujól. Þar var hlustað á jólasögu, opnaðir jólapakkar og góðgæti borðað. Að stofujólum loknum var farið á sal og við tók verðlaunaafhending fyrir Skólahreysti, Norræna skólahlaupið og síðasta spurningakeppni School quiz var haldinn á árinu og verðlaun veitt. Þá tók félagsmiðstöðin Neon við með diskóteki.

Hæfileikakeppni fyrir nemendur 1.-7. bekkjar var haldin í Tjarnarborg í Ólafsfirði fimmtudaginn 28. janúar og heppnaðist hún mjög vel. 31 keppandi tók þátt, ýmist einir eða í hópum og var keppnin mjög vel heppnuð. Húsfyllir var í Tjarnarborg. Eftirfarandi nemendur fengu verðlaun fyrir góða frammistöðu: Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir, Sigríður Birta Skarphéðinsdóttir, Tinna Hjaltadóttir, Ronja Helgadóttir, Unnsteinn Sturluson. Allir þátttakendur voru kallaðir upp á svið og fengu rós fyrir þátttökuna.

Uppbyggingardagur var haldinn 19. janúar. Þema dagsins var góðir manna síðir og útbjuggu nemendur blóm og pússlukubba þar sem þeir skrifuðu orð um almenna kurteisi. Dagurinn gekk mjög vel. Afrakstur dagsins var hengdur upp á vegg skólans.

Stóra upplestrarkeppnin er árviss keppni sem 7. bekkur tekur þátt í. Forkeppnin fór fram í skólahúsinu við Tjarnarstíg 22. febrúar og kepptu flestir nemendur 7. bekkjar um sæti í lokakeppninni. Lokakeppnin fór fram í Bergi Dalvík þann 3. mars. Fulltrúar okkar skóla voru Eyjólfur Svavar Sverrisson, Tinna Elísa Guðmundsdóttir og Birna Björk Heimisdóttir. Varamaður var Sigrún Ólfjörð Daníelsdóttir. Allir keppendur okkar stóðu sig með þryði og lenti Birna Björk í 1. sæti. Glæsilegur árangur hjá okkar nemendum.



Fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni

Blár dagur - til stuðnings börnum með einhverfu var haldinn föstudaginn 1. apríl.

Dagur umhverfisins var haldinn seinni partinn í maí í yngri deild en í byrjun júní í unglingsdeild. Ýmis vinna tengd verndun náttúrunnar og hreinsun var unnin á þeim degi á öllum starfsstöðvunum.

Vorhátíð 1.-7. bekkjar var haldin í Tjarnarborg í Ólafsfirði miðvikudaginn 25. mars. Sýningin hófst með söngsal allra bekkja en síðan var hver bekkur með sitt atriði. Vorhátíðin var fjáröflun 7. bekkjar



3.-4. bekkur á Vorhátíð skólans

Skólasýningardagur var miðvikudagurinn 4. maí. Þá var skólinn opinn fyrir gestum og gangandi og settu kennarar og nemendur upp sýnishorn af þeirri vinnu sem unnin var á skólaárinu auk þess sem nemendur voru með uppákomur í stofum sínum. Opið var við Norðurgötu kl. 16-18 en við Tjarnarstíg kl. 17-19. Nemendur 9. bekkjar og foreldrar þeirra sáu um kaffisölu sem fjáröflun fyrir bekkjarsjóð þeirra.

Árshátíð 8.-10. bekkjar var haldin í Tjarnarborg í Ólafsfirði föstudaginn 27. maí. Nemendur buðu gestum með sér, dýrindis kvöldverður var reiddur fram og síðan voru skemmtiatriði, en allir bekkir voru með atriði á árshátíðinni.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir

Mjög gott samstarf er við ýmis fyrirtæki og stofnanir í samfélaginu. Í vor fóru nemendur úr 10. bekk í starfskynningu. Mörg fyrirtæki og stofnanir í bæjarfélaginu tóku á móti nemendum í kynningu. Nemendur fengu 4 daga undir starfskynningu og völdu þeir sér tvo staði hver og dvöldu 2 daga í senn á hvorum stað.

Heimsóknir í skólann

Eins og undanfarin ár fengum við margvíslegar heimsóknir til okkar í skólann á þessu skólaári. Má þar til dæmis nefna danshóp frá Rúmeníu sem sýndi öllum bekkjum dansa þann 27. ágúst. Eyþór Ingi Jónsson og Lára Sólveig Jóhannsdóttir voru með tónleikana „Fiðlan og fótstigið“ fyrir alla bekki þann 10. sept. Pálmi ljósmyndari kom og myndaði alla nemendur skólans í byrjun nóvember. Leikhópurinn Lotta var með söngsýningu í Tjarnarborg fyrir 1.-4. bekk þann 26. apríl. Einnig sama dag var Elvar Logi Hannesson með einleikinn um Gísla Súrsson fyrir 7.-10. bekk. Eistneskur rithöfundur Katlin Kaldmaa heimsótti 5. bekk í lok apríl.

Þórarinn Hannesson var með ljóðalestur og fræðslu í 5. -7. bekk í lok maí. Og einnig hitti hann unglíngastigið í byrjun maí. Þorgrímur Þránínsson rithöfundur kom og hitti nemendur 10. bekkjar í febrúar. Gídeon menn komu og færðu nemendum 5. bekkjar Nýja testamentið. Þá komu fulltrúar frá Einingu-Iðju og fræddu nemendur í 10. bekk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Tónskólafólk kom tvisvar á skólaárinu í heimsókn til að kynna sig og starfsemi tónskólans.



Rúmenskir þjóðdansarar í heimsókn

Skólabókasafn

Grunnskólalög gera ráð fyrir að skólasafn sé upplýsingamiðstöð og hjarta starfsins í hverjum skóla, sú er ekki raunin í Grunnskóla Fjallabyggðar. Orsökina er fyrst og fremst sú að starfið fer fram í tveimur skólahúsum. Aðalsafnið er í skólahúsinu við Norðurgötu á Siglufirði en einnig er gamalt safn við Tjarnarstíg í Ólafsfirði sem lítið sem ekkert hefur verið hugsað um síðustu árin. Bókakostur safnsins við Norðurgötu er ágætur og hafa báðar starfsstöðvarnar nýtt sér hann, þó einna mest nemendur á yngra stiginu. Töluvert af bókum hefur verið sendur yfir til Ólafsfjarðar í vetur og þannig hafa nemendur þar geta nýtt sér safnið.

Samræmd próf

Niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk skólaárið 2015-2016

Meðaltal prófseinkunna	Grunnsk.Fjallabyggðar	Norðurland eystra	Landið allt
Íslenska 4. bekkur	6,4	5,7	5,7
Stærðfræði 4. bekkur	7,1	6,4	6,6
Íslenska 7. bekkur	5,7	5,9	6,2
Stærðfræði 7. bekkur	5,9	6,0	6,4

Hlutföll hæfnieinkunna í **íslensku** í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk

	Grunnsk. Fjallabyggðar	Norðurland eystra	Landið allt
Hæfnieinkunn A	0%	4,1%	7,8%
Hæfnieinkunn B+	0%	3,5%	5,1%
Hæfnieinkunn B	52,4%	49,4%	45,2%
Hæfnieinkunn C+	14,3%	11%	9,8%
Hæfnieinkunn C	28,6%	26,4%	23,2%
Hæfnieinkunn D	4,7%	5,6%	1,7%
Fjarverandi	0%	8,3%	6,4%

Hlutföll hæfnieinkunna í **stærðfræði** í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk

	Grunnsk. Fjallabyggðar	Norðurland eystra	Landið allt
Hæfnieinkunn A	0%	3,8%	7,2%
Hæfnieinkunn B+	0%	4,5%	5,9%
Hæfnieinkunn B	36,8%	48,2%	44,9%
Hæfnieinkunn C+	10,5%	10,2%	8,5%
Hæfnieinkunn C	47,4%	21,3%	21,6%
Hæfnieinkunn D	5,3%	12%	12,1%
Fjarverandi	9,5%	9,5%	7,2%

Hlutföll hæfnieinkunna í **ensku** í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk

	Grunnsk. Fjallabyggðar	Norðurland eystra	Landið allt
Hæfnieinkunn A	0%	5,5%	8,1%
Hæfnieinkunn B+	0%	4,9%	6,3%
Hæfnieinkunn B	42,9%	50,4%	48,7%
Hæfnieinkunn C+	14,3%	7,1%	7,5%
Hæfnieinkunn C	38,1%	24,2%	21,1%
Hæfnieinkunn D	4,7%	7,9%	8,4%
Fjarverandi	0%	9,2%	5,9%

Sjálfsmat skólans

Lagðar voru fyrir kannanir með sjálfsmatstækinu *Skólapúlsinn*. Þessar kannanir voru lagðar fyrir foreldra, starfsmenn og nemendur. Niðurstöður foreldra- og nemendakannana má nálgast í heild sinni á heimasíðu skólans. Eins var unnin sjálfsmatsáætlun fyrir skólann fyrir árin 2015-2018.

Sjá samantekt niðurstaðna úr könnunum og sjálfsmatsáætlun í fylgiskjöllum.

Endurmenntun

Kennarar og stuðningsfulltrúar Grunnskóla Fjallabyggðar hófu starfsárið í ágúst á því að sitja tveggja daga námskeið um *notkun iPad í kennslu*. Eftir námskeiðið var sett á laggirnar iPad teymi í skólanum. Í október fóru kennarar skólans á haustþing KSNV sem haldið var á Sauðárkróki. Þann 4. janúar 2016 fengu allir kennarar kynningu á nýju kynslóðinni á Mentor. Kennarar á mið- og yngra stigi fóru á PALS námskeið á Dalvík. Símenntun fór einnig fram á reglulegum fundum starfsfólks, þá sérstaklega á miðvikudagsfundartímunum. Auk þessa voru starfsmenn duglegir að sækja sjálfir námskeið.

Fylgiskjöl

Listi yfir fylgiskjöl:

- Skóladagatal 2015-2016
- Aksturstafla
- Greinargerð með námsvali í 8. bekk skólaárið 2015-2016
- Greinargerð með námsvali í 9.-10. bekk skólaárið 2015-2016
- Námsvalseðill fyrir 8. bekk
- Námsvalseðill fyrir 9. bekk
- Námsvalseðill fyrir 10. bekk
- Viðmiðunarstundarskrá fyrir skólaárið 2015-2016
- Skýrsla eineltisteymis
- Skýrsla uppbyggingarteymis
- Skýrsla hreystiteymis
- Skýrsla umhverfisteymis
- Skýrsla þróunarteymis
- Skýrsla heimasíðuteymis
- Skýrsla iPad teymis
- Skýrsla stoðteymis
- Sjálfsmatsáætlun
- Samantekt úr nemendakönnun 6.-7. bekkjar
- Samantekt úr nemendakönnun 8.-10. bekkjar
- Samantekt úr starfsmannakönnun
- Samantekt úr foreldrakönnun 1.-10. bekkjar

Fylgiskjö

Skóladagatal Grunnskóla Fjallabyggðar

2015 -2016

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ
1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ	1. F	1. M	1. Þ	1. F	1. S	1. M
2. S	2. M	2. F	2. M	2. M	2. L	2. Þ	2. M	2. L	2. M	2. F
3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. Þ	3. F
4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. S
6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. L	6. S	6. M	6. F	6. M
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. L	7. Þ
8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. Þ	8. F	8. M	8. Þ	8. F	8. S	8. M
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. M	9. L	9. M	9. F
10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. Þ	10. F
11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L
12. M	12. L	12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. S
13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. L	13. S	13. M	13. F	13. M
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. L	14. Þ
15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. Þ	15. F	15. M	15. Þ	15. F	15. S	15. M
16. S	16. M	16. F	16. M	16. M	16. L	16. Þ	16. M	16. L	16. M	16. F
17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. Þ	17. F
18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. M	18. M	18. F	18. F	18. M	18. M	18. L
19. M	19. L	19. M	19. F	19. F	19. Þ	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. S
20. F	20. S	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. L	20. S	20. M	20. F	20. M
21. F	21. M	21. M	21. L	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. L	21. Þ
22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. Þ	22. F	22. M	22. Þ	22. F	22. S	22. M
23. S	23. M	23. F	23. M	23. M	23. L	23. Þ	23. M	23. L	23. M	23. F
24. M	24. F	24. L	24. Þ	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. Þ	24. F
25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. F	25. M	25. F	25. F	25. M	25. M	25. L
26. M	26. L	26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. S
27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. L	27. S	27. M	27. F	27. M
28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. L	28. Þ
29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. Þ	29. F	29. M	29. Þ	29. F	29. S	29. M
30. S	30. M	30. F	30. M	30. M	30. L		30. M	30. L	30. M	30. F
31. M		31. L		31. F	31. S		31. F		31. Þ	

6 Skóladagur
Uppþröskulaga

22 180
8+2

19 Skólagæðingur
Fridagar

20 5

14 Undirb.d
Vetrarl.

19 3
4

18 Telur tvo

17,5 2.

20

21,5

3
Dagatal 2015-2016

Skólaakstur 2015-2016

	Frá Ólafsfirði		Frá Siglufirði	
	<u>Tími</u>	<u>staðsetning</u>	<u>Tími</u>	<u>Staðsetning</u>
Mánudagur	7:35	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	8:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	8:40	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	12:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	13:00	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	14:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	14:25	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	15:20	Grunnsk. v/Norðurgötu
	15:45	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	16:10	Grunnsk. v/Norðurgötu
Þriðjudagur	7:35	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	8:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	8:40	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	12:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	13:00	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	13:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	14:25	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	14:50	Grunnsk. v/Norðurgötu
	15:45	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	16:10	Grunnsk. v/Norðurgötu
Miðvikudagur	7:35	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	8:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	8:40	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	12:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	13:00	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	14:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	14:25	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	15:20	Grunnsk. v/Norðurgötu
	15:45	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	16:10	Grunnsk. v/Norðurgötu
Fimmtudagur	7:35	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	8:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	8:40	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	12:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	13:00	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	13:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	14:25	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	14:50	Grunnsk. v/Norðurgötu
	15:45	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	16:10	Grunnsk. v/Norðurgötu
Föstudagur	7:35	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	8:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	8:40	Grunnsk. v/Tjarnarstíg	12:30	Grunnsk. v/Norðurgötu
	13:00	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	14:00	Grunnsk. v/Norðurgötu
	14:25	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	15:20	Grunnsk. v/Norðurgötu
	15:45	Grunnsk. v/ Tjarnarstíg	16:10	Grunnsk. v/Norðurgötu



Upplýsingar um námsval fyrir 8. bekk 2015- 2016

Mikilvægt að lesa vel

Kjarni:

Nemendur í 8. bekk um allt land fá kennslu í 37 kennslustundir á viku. Kjarni er þær námsgreinar sem allir verða að taka.

Námsval:

Nemendur geta haft áhrif á viðfangsefni sín sem nemur 2 kennslustundum á viku með svo kölluðu námsvali.

Eftirfarandi námsgreinar eru í boði

Íþróttir í sal:

Nemendur eru í hinum ýmsum íþróttum í íþróttahúsi. Reynt að hafa fjölbreytt verkefni í samráði við nemendur.

Mósaik:

Nemendur öðlast færni í að beita þeim verkfærum sem notuð eru þegar unnið er með mósaik. Nemendur vinna í skissubækur og útfæra hugmyndir sínar.

Myndmennt:

Nemendur vinna myndlistarverk með blýanti, popplist og fleira.

Tauprykk:

Í tauprykki lærið þið að búa til munstur, að færa út hugmyndir þínar, þrykkja og prenta á næstum hvaða flík sem er. Unnið er með skyssur, teikningar og ljósmyndi, glærur og ýmiskonar efni til að festa þrykkrama og prentferlið sjálft. Nemendur þurfa ekki að hafa neina teiknikunnáttu til að fara í þetta val, bara jákvætt viðhorf og hugmyndaflug.

Silfursmíði:

Nemendur vinna með silfur og annan málm. Skartgripir eða aðrir litlir gripir smíðaðir úr silfri.

Leikur- sönglist

Hugmyndin er að nemendur fái að nota hæfileika sína og áhuga í leik og söng. Nemendur fá val um að kynnast hópsöng, gamalli tónlist, kveðskap og nýrri tónlist. Þau munu svo koma fram t.d. fyrir eldri borgara Fjallabyggðar og jafnvel í skólanum. Þetta er áfangi sem á fyrst og fremst að vera skemmtilegur. Gleði og gaman og undirbúningur fyrir lífið.

Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða æfingum íþróttafélaga. Þeir nemendur sem stunda reglulega fundi, æfingar eða annað starf með félagasamtökum í sveitarfélaginu, tónlistarnám eða æfingar/ástundun íþróttar (fótbolti, skíði, badminton, frjálsar, hestamennska, o.s.frv.) geta fengið það metið sem ígildi valgreinar. Ef nemendur velja að fá ástundun sína metna sem valgrein kemur það í stað 2 kennslustunda á viku sem nemendur væru annars í öðru vali í skólanum. Ef nemendur hafa áhuga á þessu merkja þeir við það á valblaði sínu en sækja síðan í haust um það á þar til gerðu eyðublaði. Ástundunin þarf að vera vottuð af þjálfara, tónlistarkennara eða forsvarsmanni félagsstarfs. Hætti nemandi í slíku starfi á skólaárinu fer hann inn í valgrein að vali stjórnenda skólans.



Upplýsingar um námsval fyrir 9-10. bekk 2015- 2016

Mikilvægt að lesa vel

Kjarni:

Nemendur í 9. og 10. bekk um allt land fá kennslu í 37 kennslustundir á viku. Kjarni er þær námsgreinar sem allir verða að taka.

Námsval:

Nemendur geta haft áhrif á viðfangsefni sín sem nemur 6 kennslustundum á viku með svo kölluðu námsvali. Veturinn 2015-2016 skiptist námsvalið í tvennt, annars vegar smiðjur sem kenndar eru í 4 kennslustundir á viku og hins vegar í fast val þar sem nemendur velja eina námsgrein fyrir áramót og eina eftir áramót, hvor þeirra kennd 2 kennslustundir á viku.

Smiðja:

Nemendur velja sér eina námsgrein í hverju smiðjutímabili og setja þannig saman smiðjuna sína úr fjórum námsgreinum. Nemendur velja sér tvær greinar til vara í hverju tímabili (númera 1-3) Hver námsgrein er kennd fjórar kennslustundir í viku í u.þ.b. 8-9 vikur, svo skipta nemendur um námsgrein.

Fast val:

Nemendur velja eina námsgrein fyrir áramót og tvær til vara. Einnig velja nemendur eina námsgrein eftir áramót og tvær til vara. Hvor námsgrein er kennd í tvo tíma í viku.

Í stað námsgreinar geta nemendur valið að fá félagsstarf, íþróttastarf eða tónlistarstarf metið sem valgrein.

Eftirfarandi námsgreinar eru í boði í föstu vali:

Eftirfarandi námsgreinar eru kenndar í smiðjum og föstu vali.

Bakstur:

Nemendur læra að baka kökur og brauð. Farið er í flóknari bakstur en í yngri bekkjum.

Matargerð:

Nemendur læra að elda mat. Farið er í flóknari matargerð en í yngri bekkjum.

Mósaik:

Nemendur öðlast færni í að beita þeim verkfærum sem notuð eru þegar unnið er með mosaik. Nemendur vinna í skissubækur og útfæra hugmyndir sínar.



Skyndihjálp.

Kennd verður fyrsta hjálp, endurlífgun og fleira. Nemendur fá skírteini í lok vetrar um að hafa lokið sem samsvarar 16 st skyndihjálparnámskeiði. Í framhaldsskóla er hægt að fá þetta metið til eininga gegn framvísun skírteinis.

Snarl – skólablað

Nemendur vinna að skólablaðinu Snarl sem gefið er út af 10. bekk til fjáröflunar fyrir bekkinn. Vinnan felst í söfnun auglýsinga og greina í blaðið, uppsetningar og fleira sem gera þarf til að blaðið komi út. Blaðið er borið í öll hús í Fjallabyggð.

Taubrykk.

Í þessari smiðju lærið þið að búa til munstur, að færa út hugmyndir þínar, þrykkja og prenta á næstum hvaða flík sem er. Unnið er með skyssur, teikningar og ljósmyndi, glærur og ýmiskonar efni til að festa þrykkrama og prentferlið sjálft. Nemendur þurfa ekki að hafa neina teiknikunnáttu til að fara í þessa smiðju bara jákvætt viðhorf og hugmyndaflug.

Handavinna

Nemendur rifja upp tækni og þekkingu sína hvað textíl varðar. Nemendur velja sjálfir hvaða viðfangsefni þeir ætla að fást í samráði við kennara og þess tímaramma sem að þeir hafa.

Hollustufæði

Nemendur læra um og tileinka sér þekkingu um hollt matarræði samkvæmt upplýsingum frá manneldisráði. Nemendur prufa að búa til og smakka hollan mat og/eða drykki.

Hvernig á að fara með peninga?

Nemendur hvernig á að byggja upp sparnað. Það eru útgjöldin sem skipta mestu máli en ekki tekjurnar. Mikilvægast að stýra útgjöldunum svo að peningarnir fari í það sem þú vilt nota þá í en ekki eitthvað sem aðrir hafa ef til vill ákveðið fyrir þig. Í hvað fara peningarnir þínir?

Gamalt/notað verður nýtt

Nemendur læra að breyta t.d eigin fötum svo þau fái nýtt notagildi. Hægt verður að sauma upp úr gömlu t.d fatnað, töskur eða annað. Nemendur geta líka komið með föt af öðrum og breytt þeim í föt á sig eða annað sem þeir hafa áhuga á. Hægt verður að vinna úr óhefðbundnum efnum svo sem umbúðum. Hér fær hugmyndaflugið lausan taum.

Iðngreinakynning í FNV (IGK 1024)

Með námi í áfanganum gefst nemendum kostur á að kynnst mismunandi verknámsmöguleikum. Þeir fást við verkefni og kynnst vinnubrögðum sem munu nýtast þeim í daglegu lífi og kynnst jafnframt starfsgreinum og atvinnumöguleikum sem bjóðast að loknu starfsnámi í framhaldsskóla. Nemendur takast á við verkefni sem tengjast málmiðnnámi, rafiðnnámi og tréiðnnámi. Nemendum eru kynntar mismunandi námsleiðir fyrir iðnnema og möguleikar á framhaldsnámi að iðnnámi loknu.

Fyrirkomulag þessa vals er með þeim hætti að nemendur eru **tvær helgar** á Sauðárkróki, við nám í Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra, frá laugardagsmorgni til seinniparts sunnudags. Nemendur smíða hluti í rafiðnadeild, málmiðnadeild,



tréiðnadeild og Fab Labinu. Þeir fá gistingu á heimavist FNV. Starfsmaður skólans er með í för. Nemendur fá fæði á heimavist FNV og bera þeir sjálfir (foreldrar) kostnað vegan fæðis.

IFÉ Inngangur að félagsvísindum

Um er að ræða framhaldsskólaáfangana sem kenndur verður í samstarfi (fjarnámi) við Menntaskólann á Tröllaskaga. Nemendur sem velja þennan áfanga vinna sjálfstætt undir handleiðslu kennara grunnskólans að viðfangsefnum áfangans. Allt efni áfangans er inn á vefviðmótinu *Moodle* og vinna nemendur öll verkefni í tölvu. Verkefnaskil eru í hverri viku. Nemendur gætu þurft að sitja einhverjar kennslustundir í MTR ef skipulag skólanna gerir slíkt kleift. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að vinna mikla vinnu heima þar sem tvær kennslustundir á viku nægja ekki til að sinna áfanganum.

Lýsing á efni áfangans úr námskrá MTR:

Áfanginn er undirbúningur að námi í hugvísindum, aðferðafræði, tilgangi og markmiðum í víðu samhengi og samþættir sálarfræði, félagsfræði, heimspeki, stjórnmálafræði og uppeldis- og menntunarfræði. Áfanginn er undanfari annarra áfangana í félagsvísindum og ætlað að kynna nemendum fyrir grunnhugtökum í þessum greinum.

Nemandinn er studdur til þess að þreifa sig áfram á eigin forsendum, vinna með öðrum og fjalla um efnið út frá eigin forsendum og ná lengra byggt á fyrri þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér vinnubrögð sem notuð eru í félagsvísindum.

Fjölbreyttar kennsluáferðir eru notaðar í áfanganum, til dæmis umræður og verkefnavinna þar sem ýmist er um að ræða einstaklings- og hópverkefni. Markmiðið er að tengja námsefni áfangans sem best við raunverulegar aðstæður. Þetta krefst frumkvæðis, sköpunar og ábyrgðar á eigin námi. Nemendur afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum og fá þjálfun í að meta eigið vinnuframlag og annarra. Sjá nánar á <http://www.mtr.is/is/namid/afangalysingar>

INÁ 1A05 Inngangur að náttúruvísindum

Um er að ræða framhaldsskólaáfangana sem kenndur verður í samstarfi (fjarnámi) við Menntaskólann á Tröllaskaga. Nemendur sem velja þennan áfanga vinna sjálfstætt undir handleiðslu kennara grunnskólans að viðfangsefnum áfangans. Allt efni áfangans er inn á vefviðmótinu *Moodle* og vinna nemendur öll verkefni í tölvu. Verkefnaskil eru í hverri viku. Nemendur gætu þurft að sitja einhverjar kennslustundir í MTR ef skipulag skólanna gerir slíkt kleift. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að vinna mikla vinnu heima þar sem tvær kennslustundir á viku nægja ekki til að sinna áfanganum.

Lýsing á efni áfangans úr námskrá MTR:

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriðin í þeim námsgreinum sem tengjast náttúruvísindum. Þessar greinar eru: Líffærafræði, lífeðlisfræði, næringarfræði, jarðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Námsgreinarnar verða annað hvort teknar fyrir stakar eða tvinnuðar saman yfir lengri tíma. Sjá nánar á

<http://www.mtr.is/is/namid/afangalysingar>

Matargerð:

Nemendur læra matargerð. Reynt verður að hafa viðfangsefni fjölbreytt og í samræmi við áhugasvið nemenda. Nemendur læra um hollustu, heilbrigði og hreinlæti.



Silfursmíði:

Nemendur vinna með silfur og annan málm. Skartgripir eða aðrir litlir gripir smíðaðir úr silfri.

Vatnslitamálun

Nemendur læra meðferð vatnslita og öðlast þekkingu þeirri sem til þarf við vatnslitamálun.

Akrilmálun á striga

Nemendur læra meðferð akrilmálningar og hvernig þeir geta nýtt sér hana við málun.

Andlitsteikning

Nemendur læra að skyggja með blíant og glíma við að teikna andlit að eigin vali.

Prjón og hekl

Nemendur rifja upp tækni og þekkingu sína í prjóni og/eða hekli og velja sér stykki til að vinna í á önninni.

Útskurður í tré

Læra meðferð útskurðarjána. Læra að skera út einfaldar myndir og stafi.

Hægt að merkja hluti t. d. með upphleyptum stöfum, skrauti eða einfaldri mynd.

Búum til : Litla skál, Kertastjaka með skrauti eða merkingu. Eða þá gestabók með skrauti eða merkingu framan á.

Íþróttir í sal:

Nemendur eru í hinum ýmsum íþróttum í íþróttahúsi. Reynt að hafa fjölbreytt verkefni í samráði við nemendur.

Líkamsrækt:

Nemendur læri að skilja líkamsstarfsemina og hvernig líkaminn bregst við álagi og þjálfun. Mikil áhersla er á þjálfun líkamans t.d. með líkamsrækt. Hægt að gera þjálfunarþrógram fyrir hvern og einn. Horft til þess að nemendur hafi þekkingu til að geta nýtt sér almenningsopnun í ræktinni.

Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða æfingum íþróttafélaga. Þeir nemendur sem stunda reglulega fundi, æfingar eða annað starf með félagasamtökum í sveitarfélaginu, tónlistarnám eða æfingar/ástundun íþróttar (fótbolti, skíði, badminton, frjársar, hestamennska, o.s.frv.) geta fengið það metið sem ígildi valgreinar. Ef nemendur velja að fá ástundun sína metna sem valgrein kemur það í stað 2 kennslustunda á viku sem nemendur væru annars í öðru vali í skólanum. Ef nemendur hafa áhuga á þessu merkja þeir við það á valblaði sínu en sækja síðan í haust um það á þar til gerðu eyðublaði. Ástundunin þarf að vera vottuð af þjálfara, tónlistarkennara eða forsvarsmanni félagsstarfs. Hætti nemandi í slíku starfi á skólaárinu fer hann inn í valgrein að vali stjórnenda skólans.

Grunnskóli Fjallabyggðar



Umsókn um námsval 2015 - 2016

8. bekkur

Fullt nafn _____

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Grunnskóla Fjallabyggðar skiptist nám í 8. bekk á eftirfarandi hátt.

8. bekkur - kjarni

Sameiginlegt hjá öllum

8. bekkingum

Íslenska	5 st.
Stærðfræði	5 st.
Danska	4 st.
Enska	4 st.
Náttúrufræði	3 st.
Samfélagsfr.	3 st.
Lífsleikni / Art	1 st.
Bekkjafundur	1 st.
Textíl	1 st.
Tæknimennt	1 st.
Heimilisfræði	2 st.
Upplýsingamennt	1 st.
Íþróttir/sund	3 st.
Verkefnatími*	1 st.
VAL	2 st.
Samtals	37 st.

*í verkefnatíma vinna nemendur heimanám sitt eða verkefni sem kennari leggur fyrir.

Veturinn 2015-2016 eiga nemendur í 8. bekk kost á vali sem nemur **tveimur kennslustundum** á viku. Nemendur hafa um nokkrar námsgreinar að velja en fara í þrjár þ.e.a.s. eina á hverri önn.

Valgreinar

Númerið námsgreinarinnar með tölunum 1-6 þar sem þið setið 1 við þá námsgrein sem ykkur langar mest í, 2 við næstmest, svo 3 og svo koll af kolli.

- Mósaik
- Tauprykk
- Silfursmíði
- Íþróttir í sal
- Myndmennt
- Leikur - sönglist

- Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða íþróttastarfi á vegum félagasamtaka/Tónlistarskólans/íþróttafélaga viðurkennd sem ígildi vals. Nemendur þurfa að framvísa staðfestingu í haust.

Hvað? _____

Undirskrift foreldris : _____



Fullt nafn _____

Kjarni

Sameiginlegt hjá öllum

9. bekkingum

- Íslenska 5 st.
- Stærðfræði 5 st
- Danska 4 st
- Enska 4 st
- Náttúrufræði 3 st
- Samfélagsfr. 3 st
- Lífsleikni /Art 1 st
- Verkefnatími* 2 st
- Bekkjafundur 1 st
- Íþróttir/sund 3 st

*Verkefnatími: nemendur vinna í heimanámi eða öðrum verkefnum sem kennari leggur fyrir.

Valgreinar

Veturinn 2015-2016 verður skipulag á valgreinum með tvennum hætti.

Smiðja: Annars vegar verða smíðjur þar sem nemendur velja sér fjórar námsgreinar, eina á hverju smíðjutímabili. Nemandur eru í hverri námsgrein fjórar kennslustundir í viku í u.þ.b. 8-9 vikur, þá skipta þeir um námsgrein.

Fast val: Hins vegar velja nemendur sér fjórar valgreinar sem hver er kennd tvær kennslustundir í viku hálfan vetur.

Smiðja

Nemendur velja eina námsgrein á hverju tímabili og 2 til vara. Númerið 1 -3. Nr. 1 það sem ykkur langar mest að fara í og svo frv.

	Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4
Smiðja 1	() Andlitsteiknun	() Handavinna	() Mósaik	() Hollustufæði
Smiðja 2	() Matargerð	() Bakstur	() Hverning á að fara með peninga?	() Mosaik
Smiðja 3	() Taubrykk	() Vatnslitamáln	() Akritímáln á striga	() Andlitsteiknun
Smiðja 4	() Upplýsingarmennt	() Uppb.stefnan	() Upplýsingarmennt	() Uppb.stefnan

- Ath. Það þarf að velja Uppbyggingarstefnuna einu sinni á skólaárinu, því allir fara í hana.

Fast val - Námsgreinar kenndar hálfan vetur

Nemendur velja eina af eftirfarandi námsgreinum og tvær til vara fyrir og eftir áramót. Númerið 1-3. Nr. 1 það sem ykkur langar mest að fara í og svo frv.

Veljið eina grein fyrir áramót – og tvær til vara	Veljið eina grein eftir áramót – og tvær til vara
Silfursmiði	Silfursmiði
Útskurður í tré	Íþróttir í sal
Líkamsrækt	Útskurður í tré
Gamalt og notað verður nýtt. Endurnýting notaðra fata eða muna. (Handavinna)	Prjón eða hekl
Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða íþróttastarfi viðurkennd sem ígildi 2 st í viku. Hvað? _____ (má velja bæði fyrir og eftir áramót)	Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða íþróttastarfi viðurkennd sem ígildi 2 st í viku. Hvað? _____ (má velja bæði fyrir og eftir áramót)

Athugið að það **má velja** þátttaka í félagsstarfi tvisvar (fyrir og eftir áramót). Skila þarf staðfestingu næsta haust um að félagsstarfi sé sinnt. Hinar greinarnar má aðeins velja einu sinni (hálfan vetur).

Undirskrift foreldris _____



Grunnskóli Fjallabyggðar

Umsókn um námsval 2015 – 2016

10. bekkur

Fullt nafn _____

Kjarni

Sameiginlegt hjá öllum

10. bekkungum

- Íslenska 5 st.
- Stærðfræði 5 st
- Danska 4 st
- Enska 4 st
- Náttúrufræði 3 st
- Samfélagsfr. 3 st
- Lífsleikni/Art 1 st
- Verkefnatími* 2 st
- Bekkjafundur 1 st
- Íþróttir/sund 3 st

Valgreinar

Veturinn 2015-2016 verður skipulag á valgreinum með tvennum hætti.

Smiðja: Annars vegar verða smiðjur þar sem nemendur velja sér fjórar námsgreinar, eina á hverju smiðjutímabili. Nemendur eru í hverri námsgrein fjórar kennslustundir í viku í u.þ.b. 7-8 vikur, þá skipta þeir um námsgrein.

Fast val: Hins vegar velja nemendur sér tvær valgreinar (eina fyrir áramót og eina eftir áramót), tvær kennslustundir í viku hálfan vetur.

*Verkefnatími: nemendur vinna í heimanámi eða öðrum verkefnum sem kennari leggur fyrir.

Smiðja

Nemendur velja eina námsgrein á hverju tímabili og 2 til vara. Númerið 1 -3. Nr. 1 það sem ykkur langar mest að fara í og svo frv.

	Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4
Smiðja 1	(<input type="checkbox"/>) Andlitsteiknun	(<input type="checkbox"/>) Mosaik	(<input type="checkbox"/>) Handavinna	(<input type="checkbox"/>) Taubrykk
Smiðja 2	(<input type="checkbox"/>) bakstur	(<input type="checkbox"/>) Hollustufæði	(<input type="checkbox"/>) bakstur	(<input type="checkbox"/>) Matargerð
Smiðja 3	(<input type="checkbox"/>) Snarl skólablað	(<input type="checkbox"/>) Vatnslitamálun	(<input type="checkbox"/>) Akrlitmálun á striga	(<input type="checkbox"/>) Andlitsteiknun
Smiðja 4	(<input type="checkbox"/>) Skyndihjálp	(<input type="checkbox"/>) Skyndihjálp	(<input type="checkbox"/>) Skyndihjálp	(<input type="checkbox"/>) Skyndihjálp

Fast val – Námsgreinar kenndar hálfan vetur

Nemendur velja eina af eftirfarandi námsgreinum og tvær til vara fyrir og eftir áramót. Númerið 1-3. Nr. 1 það sem ykkur langar mest að fara í og svo frá.

Veljið tvær greinar fyrir áramót – og tvær til vara	Veljið tvær greinar eftir áramót – og tvær til vara
<p>Þú muna. (Handavinna)</p> <p>Íþróttir í sal</p> <p>IFÉ 1A05 Inngangur að félagsvísindum. Framhaldsskólaáfangi sem tekinn er í samstarfi við MTR</p> <p>INÁ 1A05 Inngangur að náttúruvísindum. Framhaldsskólaáfangi sem tekinn er í samstarfi við MTR</p> <p>Útskurður í tré</p> <p>Silfursmíði</p>	<p>Þjón og hekl</p> <p>Líkamsrækt</p> <p>Iðngreinakynning – í samstarfi við Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra</p> <p>IFÉ 1A05 Inngangur að félagsvísindum. Framhaldsskólaáfangi sem tekinn er í samstarfi við MTR</p> <p>INÁ 1A05 Inngangur að náttúruvísindum. Framhaldsskólaáfangi sem tekinn er í samstarfi við MTR</p> <p>Útskurður í tré</p> <p>Silfursmíði</p> <p>Þátttaka í félagsstarfi, tónlistarnámi eða íþróttastarfi viðurkennd sem ígildi 2 st í viku. Hvað? (má velja bæði fyrir og eftir áramót)</p>

Athugið að það **má velja** þátttaka í félagsstarfi tvisvar (fyrir og eftir áramót). Nemendur þurfa að skila staðfestingu næsta haust á að þeir séu að sinna félagsstarfinu. Hinar greinarnar má aðeins velja einu sinni (hálfan vetur).

Undirskrift foreldris: _____

Viðmiðunarstundaskrá

Grunnskóli Fjallabyggðar
2015-2016

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Íslenska	7	7	7	7	6	7	7	7	5	5
stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	5	5	5
danska								3	4	4
enska					1	2	2	4	4	4
samf. fræði og krist.fr	3	3	3	3	3	4	3	3	3	3
náttúrufr	2	2	2	2	2	3	3	3	3	3
lífsleikni	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
íbróttir, sund	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
textíl	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
tæknim	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
myndmennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
heimilisfr	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
tónmennt	1	1	1	1	1	2	2	2	2	
upplýsingamennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
bekkjarfundur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
dans	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
leikræn tjáning							1			
sambætting lista										
Verkefnaári									1	2
val nemenda				1					2	6
Samtals:	30	30	30	30	30	35	35	35	34	37

Sambætting lista er aukatími sem kemur til af því að listakvóti er ekki fullur á 1. bekk. Umsjónarkennari hefur tímann til sambættingar námsgreina.



Vinna gegn einelti í Grunnskóla Fjallabyggðar.

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er unnið gegn einelti í anda Olweusar. Í skólanum er starfandi eineltisteymi (stýrihópur) sem stjórnar vinnunni.

Eineltisteymi skipa fulltrúar stoðteymis skólans ásamt formanni teymisins sem skólustjóri skipar. Skólaráðgjafi fylgir eftir málum sem til teymisins koma með viðtölum og metur árangur vinnunnar.

Hlutverk umsjónarkennara í vinnu gegn einelti:

- Sjá til þess að bekkurinn seti sér reglur gegn einelti að hausti.
- Halda bekkjarfund vikulega. Viðfangsefni bekkjarfundar er að:
 - Efla samstöðu og samkennd innan bekkjarins
 - Vinna gegn félagslegri einangrun nemenda
 - Auka ábyrgð nemenda á eigin hegðun.
- Umsjónarkennari þolanda tekur fyrsta viðtal við þolanda í samráði við eineltisteymi.
- Umsjónarkennari gerenda tekur fyrsta viðtal við gerenda/gerendur í samráði við eineltisteymi.
- Ef upplýsingar úr fyrsta viðtali styrkir grun um einelti tekur teymið við málinu
- Upplýsa foreldra um gang mála.
- Vinna með eineltisteymi ef málið leysist ekki eftir fyrsta viðtal.

Hlutverk eineltisteymis (stýrihóps):

- Bregðast við tilkynningum um einelti samkvæmt vinnuferli þar um.
- Leggja fyrir árlega eineltiskönnun (í byrjun desember).
- Kynna niðurstöður eineltiskönnunnar þegar þær berast fyrir starfsmönnum, nemendum og foreldrum.
- Skipuleggja og stjórna vinnudegi (nemendadegi) gegn einelti sem haldinn er einu sinni yfir skólaárið.
- Vera umsjónarkennurum til stuðnings með vinnu gegn einelti í bekkjum.
- Útbúa og viðhalda hugmyndabanka með verkefnum sem styðja við vinnu gegn einelti.

Hlutverk foreldra:

- Hafa samband við umsjónarkennara ef grunur vaknar um einelti.
- Vera vakandi yfir líðan, frammistöðu og félagslegri stöðu barna sinna.
- Ræða opinskátt við barnið um einelti og hlusta á það ef það kvartar.
- Hafa í huga að meðferð eineltismála getur tekið tíma og mikilvægt er að vinna með skólanum að farsælli lausn.

Greinagerð eineltisteymis Grunnskóla Fjallabyggðar skólaárið 2015-2016

Í eineltisteymi Grunnskóla Fjallabyggðar skólaárið 2015-2016 sátu fimm starfsmenn, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir formaður og úr stoðteymi skólans Erla Gunnlaugsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Kristín Anna Guðmundsdóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir.

Vinna eineltisteymis á skólaárinu:

- Teymið uppfærði skráningarblöð sem notuð eru þegar tilkynnt er um grun um einelti og setti á samgögn kennara og á heimasíðu skólans.
- Teymið fór yfir Olweusaráætlun skólans og setti á samgögn kennara og einnig á heimasíðu skólans.
- Teymið setti kassa í bæði skólahúsin þar sem nemendur gátu sett miða ef þeim líður illa eða ef þeim grunar að einhverjum líði illa og þá mun teymið kanna það.
- Í september sendi teymið bréf heim til allra foreldra um vinnu teymisins í skólanum, hvað væri framundan hjá teyminu og minnti á mikilvægi þess að gott samstarf væri á milli skóla og heimilis.
- Teymið skipulagði þemadag gegn einelti í nóvember. Nemendur á yngsta stigi lituðu stafi og klipptu út, stafirnir voru hengdir upp og mynduðu slagorð gegn einelti. Miðstig og unglíngastig bjó til myndasögur gegn einelti og hönnuðu slagorð á boli. Allir nemendur skólans skrifuðu undir eineltissáttmála Grunnskóla Fjallabyggðar en hann hljóðar svona: *Við, nemendur og starfsfólk Grunnskóla Fjallabyggðar heitum því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir einelti. Við leggjum ekki í einelti og við aðstoðum þá sem verða fyrir einelti. Ef við vitum að einhver er lagður í einelti látum við vita. Það á enginn skilið að vera lagður í einelti. Það á enginn skilið að líða illa. Verum vinir, vinnum saman, eyðum einelti!*
- Teymið lagði eineltiskönnun fyrir 4.-10. bekk í byrjun desember 2015 og kynnti niðurstöður á deildarfundum. Teymið kynnti líka niðurstöðurnar fyrir nemendum 5. – 10. bekkjar. Einelti í Grunnskóla Fjallabyggðar mælist nú 6,4% en meðaltal á landinu er 5,4%.
- Teymið vann markvisst í tveimur málum á þessu skólaári en kom að fleiri málum sem fóru ekki lengra. Tekin voru viðtöl við hlutaðeigandi í þessum tveimur málum, skrifaðar skýrslur og talað við foreldra. Náðum við árangri því hægt var að loka báðum málunum fyrir skólalok.

Ef tilkynning um grun um einelti berst skólanum.

Ferill máls.

1. Stig

- Umsjónarkennari tekur við tilkynningu um grun um einelti og sendir afrit af tilkynningu til eineltisteymis.
- Umsjónarkennari þolanda ræðir við þolanda. Tilgangur þessa samtals er að ræða líðan þolanda, hve lengi viðkomandi telur sig hafa verið lagðan í einelti og hverjir eigi í hlut. Ef nemandinn er í yngri deild er viðtalið tekið í samráði við foreldra.
- Foreldrar þolanda eru látnir vita af tilkynningu og viðtalinu, helst símleiðis annars í gegnum mentor.
- Umsjónarkennari geranda/gerendur, í samvinnu við teymið, ræðir við geranda eða gerendur, ef þolandi getur bent á ákveðna einstaklinga. Gerendum er gerð grein fyrir alvarleika þess að leggja í einelti og eru þeir hvattir til að láta tafarlaust af hegðun sem hefur framkallað vanlíðan hjá öðrum.
- Foreldrar látnir vita af þessum viðtölum símleiðis eða í gegnum mentor. Ef gerandi/gerendur eru nemendur í yngri deild skólans er rætt við nemendur í samráði við foreldra þeirra. Foreldrum gert grein fyrir hvað búið er að gera og hvað verður gert.
- Ef ekki er hægt að benda á ákveðna einstaklinga er hugsanlegt að ræða við alla í bekknum í þeim tilgangi að kanna hvort fleirum líður illa eða finnist þeir verða fyrir einelti og hvort þeir hafa orðið varir við einelti. Þetta gerir umsjónarkennari í samstarfi við eineltisteymi.
- Samhliða er reynt að efla starf gegn einelti í bekknum á bekkjarfundum. Sú vinna er í höndum umsjónarkennara.
- Umsjónarkennari tilkynnir öllu starfsfólki sem koma að nemendum sem eiga í hlut.
- Umsjónarkennari upplýsir eineltisteymi um gang mála og tekin er ákvörðun um áframhaldandi vinnu.

2. Stig

- Ef aðgerðir á 1.stigi duga ekki tekur eineltisteymi við málinu frá umsjónarkennara.
- Frekari samtöl við þolendur, gerendur og foreldra þeirra sem eiga í hlut. Leiðirnar sem farnar eru fara eftir eðli hvers máls fyrir sig.
- Fara vel yfir með þolanda hvað teymið hyggst gera og fullvissa hann um að eineltið verði stöðvað.
- Geranda/gerendum gert ljóst að einelti er ekki liðið í skólanum og skólinn á að vera öruggur staður þar sem öllum líður vel.
- Ef vandaðar athuganir benda ekki til eineltis er málinu lokið.
- Ef eineltisteymi hefur ítrekað unnið í máli án ásættanlegs árangurs taka aðgerðir á 3. stigi við.

3. Stig

Hvert inngríp tekur við af öðru ef það fyrra dugar ekki til lausnar máls.

- Skólastjóri og námsráðgjafi/skólaráðgjafi funda með foreldrum nemenda sem hlut eiga og leita sátta í málinu. Fyrst í sitt hvoru lagi, síðan er reynt að funda með öllum foreldrum þeirra barna sem að málinu koma.
- Nemendaverndarráð kemur að málinu.
- Skólastjóri og námsráðgjafi/skólaráðgjafi leita til verkefnastjóra Olweus í héraði og/eða Þorláks Helgasonar verkefnisstjóra Olweus á Íslandi og leitar ráðgjafar eða aðkomu að málinu.
- Skólastjóri og námsráðgjafi/skólaráðgjafi leita til félagsþjónustu með aðkomu þeirra að málinu. Möguleg aðkoma er með viðtölum við foreldra barna sem að málinu koma eða með aðkomu að stofnun teymis.
- Ef um langvinnt og erfitt eineltismál er að ræða er teymi stofnað til að styðja þolandann, Í teyminu sitja skólastjóri, skólaráðgjafi, sálfræðingur, foreldrar og fulltrúi félagsþjónustu.
- Einnig þarf að finna úrræði til að styðja við gerenda/gerendur.
- Ef allt um þrýtur er leitað til Fagráðs eineltismála hjá Menntamálaráðuneytinu. Það skal vera sameiginleg niðurstaða foreldra, skóla og félagsþjónustu og leita til fagráðsins.

Fyrir næsta skólaár:

Mikilvægt að eineltisteymið fari í heimsókn í alla bekki skólans í skólabyrjun, kynni sig og veri sýnilegt í skólanum.

Styðja við umsjónarkennara og koma með góðar hugmyndir að efni sem gæti nýst í lífsleikni í vinnu gegn einelti.

Sendu fréttabréf heim til foreldra í byrjun skólaárs, segja frá teyminu, hlutverkunum sem búið er að skilgreina og fá foreldra í lið með sér.

Teymið skipa:

Sigurlaug Guðjónsdóttir

Sigurbjörg Bjarnadóttir

Marín Gústafsdóttir

Gyða Stefánsdóttir

Ólafsfirði 11.maí 2016

Í september hittist teymið í fyrsta skipti og gerði gróft skipulag yfir skólaárið (sjá nánar í áætlun í möppu Uppbyggingar á samgögnum).

Tölvupóstur var sendur á starfsmenn og þeir beðnir að fara yfir mitt og þitt hlutverk og koma með ábendingar. Hlutverk kennara og nemenda var sett upp á vegg skólans til að hafa það sýnilegt.

Í nóvember hófst vinna við skipulagninu uppbyggingardagsins sem var skv. skóladagatali í janúar. Á uppbyggingardeginum var nemendum skipt í stigskipta hópa þvert á bekki. Dema verkefnisins voru mannasíðir og unnu nemendur ýmis verkefni og hengdu á vegg skólans til að gera hann líflegri og til að undirstrika það að GF vinnur í anda uppbyggingar. Afrakstur vinnunnar má sjá á heimasíðu skólans.

Fréttabréf var unnið þar sem greint var frá vinnu vetrarins og útskýrðum í fáum orðum markmið stefnunnar. Fréttabréfið var sett á heimasíðu skólans.

Sjá má frekari gögn Uppbyggingarteymis á samgögnum kennara.

Á næsta ári teljum við að fara þurfi betur yfir skólareglur og viðurlög. Teljum við að það vanti svo kennarar og starfsfólk geti haldið betur utan um aga. T.d. hvað á að gera ef nemandi brýtur reglur. Hvaða úrræði eru til staðar? Samræma viðurlög og reglur, hafa það sýnilegt þannig að auðvelt sé að fylgja þeim, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Gyða, Silla, Sibba, Marín.

Greinargerð Hreystiteymis 2015- 2016.

Í teyminu sátu: María Bjarney Leifsdóttir & Jónína Björnsdóttir. Ákveðið var að aðskilja umhverfis og hreystiteymi, en umhverfisteymi skipuðu Kristín Brynhildur Davíðsdóttir og Halla Óladóttir. Aðalvinna teymisins fólst í að sjá um skipulagningu og framkvæmd hreystidaga, en auk þess sá teymið um framkvæmd keppni á milli bekkja í „Göngum í skólann“, hvatti kennara til hreyfingar og reyndi að fá yfirvöld skólans til að auka veg og virðingu hreyfingar og heilbrigðis í skólanum. Teymið gerði tilraun til að fá stjórnendur til að úthluta tíma til hreyfingar kennara einu sinni í viku á vinnutíma, en þó það hafi ekki komist á koppinn í ár höfum við vonandi sáð fræjum til framtíðar. Héldum innanskólakeppni í skólahreysti og völdum æfingahóp úr hópi þeirra nemenda sem stóðu sig best þar. Pressuðum á að koma reglulegum æfingum inn í dagskrá þeirra nemenda auk þess að redda þeim aðgangi að líkamsræktaraðstöðu. Þá fundaði teymið með formanni og þjálfara Skíðafélags Ólafsfjarðar og skipulagði skíðakennslu yngri barna í boði félagsins. Sú kennsla tókst mjög vel, en því miður varð ekki af því að nemendur 1.- 2. bekkjar frá Siglufirði fengju að njóta þess. Ástæður þess verða ekki tífundaðar hér. ?

Hreystidagar skólaárið 2015-2016.

- 3. september. Göngudagur
- 7. okt. Norræna skólahlaupið og ratleikur
- 23./24. nóvember Skólahreysti og fleira
- mars. Skíðadagar
- 2. júní. Útivistar og leikjadagur Ólafsfirði

Nánari upplýsingar um dagskrána á hreystidögum koma hér á eftir:

Hreystidagur 3. sept. 2015

Gönguleiðir

1-4. b. Óló Skeggjabrekkudalur

1-4. b. Sigló Ríplar

5. bekkur Brimnesdalur

6. bekkur Burstabrekkudalur

7. bekkur Fossdalur

8-9-10. bekkur Val á milli þess að ganga frá Héðinsfirði yfir til Ólafsfjarðar niður Skeggjabrekkudal og að ganga hringinn í kringum Héðinsfjarðarvatn.

Norræna skólahlaupið 25. September 2015

8.-10. hljóp Norræna skólahlaupið, sem var auk þess keppni á milli bekkja um samanlagða vegalengd. Á eftir fóru þau í vatnsstrið á gamla malarvellinginum og svo í heita pottinn/sund í Sundhöll Siglufjarðar.

Hreystidagur 7. október 2015

1.-7. bekkur fór í ratleik/stigakeppni um Ólafsfjörð og leystu ýmis skemmtileg verkefni. Á eftir fóru allir í sund.

Hreystidagur 24. nóvember 2014

Dagskráin tileinkuð Skólahreysti í 5.-10 bekk.

Skólahreystikeppnin var haldin í íþróttahúsinu á Ólafsfirði frá kl.9:30-12:00 en keppendur voru úr 8.-10.bekk. Nemendur í 5.-7.bekk fylgdust með keppninni og fengu að spreyta sig á brautinni, hver bekkur fyrir sig fyrir og eftir að keppni lauk.

Hreystidagur 25. nóvember 2014.

Dagskrá fyrir 1.-4.bekk í íþróttahúsinu Ólafsfirði. Nemendur fóru í tarzanleik ásamt því að hitta tilvonandi bekkjarfélaga sína inni í stofu.

Hreystidagar/skiðadagar í mars 2015.

Elsta stig:

Ólafsfirðingar tóku rútu kl. 8:30 og foreldrar skutluðu Siglfirðingum í Skarðið. Útivist frá 9-13. Val um skíði/bretti/snjóþotur, gönguskíði eða gönguferð (nemendur búnir að skrá sig fyrirfram í hvað þau ætla). Hádegisverður í skíðaskálanum og rúta heim kl. 12:30.

Miðstig:

Ólafsfirðingar tóku rútu kl. 8:30 og foreldrar skutluðu Siglfirðingum í Skarðið. Allir á skíði/bretti/snjóþotur. Hádegisverður í skíðaskálanum. Rúta heim kl 12.30

Yngsta stig Ólafsfirði:

Fyrstu tvær kennslustundir í skólanum og nesti. Svo fóru krakkarnir á skíði í Tindaöxl. Foreldrar skutluðu græjunum uppeftir og nemendur gengu. Skíði, bretti, snjóþotur og gönguskíði í boði og farið í skólann í mat kl 12.

Yngsta stig Siglufirði:

Fyrstu tvær kennslustundir í skólanum og nesti. Svo fóru krakkarnir á skíði í Skarðinu. Foreldrar skutluðu nemendum ásamt græjunum. Skíði, bretti, snjóþotur og farið í skólann í mat kl 12.

Skólahreystikeppni.

16. mars 2016 var undankeppni í Skólahreysti milli skóla á Norðurlandi. Lið frá Grunnskóla Fjallabyggðar lenti í 6.sæti í sínum riðli, afskaplega ánægt með að vinna Dalvík. :o) Liðið skipuðu: Einar Breki, Eva María, Helga Dís og Hrannar Snær. Allir nemendur eldri deildar skólans fóru með til Akureyrar til að hvetja liðið til dáða. Áður en keppnin hófst fóru nemendur í bíó í boði Arionbanka.

Hreystidagur 3. júní 2016.

Útivistar og leikjadagur Ólafsfirði.

Nemendur tóku þátt í ýmsum leikjum og þrautum auk þess sem allir fóru í sund. Sú nýbreytni var höfð á að nemendur í 7.-9. bekk gátu valið um hvað þeir vildu gera á hreystidaginn. Í boði var hjólaferð, zumba, golfkennsla og frjáls leikur á skólalóð, en nemendur völdu tvennt af þessu. Allir nemendur í 4.-9. bekk gátu farið í sápuhökký/sápufótbolta, sem sló í gegn. Stýrurnar grilluðu pylsur ofan í mannskapinn. Hreystiteymið hafði oftast sem áður mælst til að eitthvað hollara en pylsur yrði á matseðlinum, en það virðist vera þrautin þyngri að breyta þeirri hefð. ?

Dagurinn tókst í alla staði vel og nemendur fóru almennt glaðir og ánægðir í sumarfrí.

Norræna skólahlaupið

& vatnsstríð !!!!

*Nú er að toga upp sokkana og reima
hlaupaskóna!!!*

Föstudaginn 25.september verður keppni milli bekkja í vegalengd per nemanda auk þess sem einstaklingar keppa í 10 km hlaupi

Val stendur um að hlaupa/ganga 2,5 – 5 - 7,5 eða 10 km

Eftir hlaupið verður efnt til vatnsstríðs á gamla malarvellinginum. Búið ykkur undir að blotna !!! Á eftir má ylja sér í heita pottinum úti í sundlaug.

Mikilvægt er að nemendur komi með aukaföt með sér til að fara í eftir vatnsstríðið,tóma 2ja lítra flösku, poka undir blaut föt og ekki gleyma sundfötunum til að skella sér aðeins í pottinn eða sundlaugina á eftir.

Hreystiteymið

Við smábátahöfn
Fleyta kerlingar



Hér á að finna sér flata steina og reyna að láta þá „hoppa“ á vatninu. Allir fá 5 tilraunir og kast þess nemandu sem nær flestum gildir fyrir hópinn. Það er margfaldað með 10 (dæmi: 8 kerl. = 80 stig)

Tjarnarborg



Snú snú. Hver og einn hoppar þrjú hopp í röð.

10 stig fyrir hvern nemandu sem nær þremur hoppum. 20 stiga aukabónus fyrir liðið ef 5 nemendur ná að hoppa samtímis 3 hopp (allir inni í bandinu í einu). Líka 20 stiga aukabónus ef 5 nemendur ná runu (eitt hopp á mann, allir í röð án þess að komi eyða).

Hús eldri borgara



Stultur

Hver nemandi fær þrjár tilraunir til að ganga á stultunum. Það má halda fyrir hann stultunum á meðan hann kemst upp á þær. Besta tilraunin gildir og stig eru jafn mörg og skrefin sem viðkomandi kemst (samt hámark 30 stig á mann).

Hornbrekka



Syngið fyrir heimilisfólk

Hér þarf að fara úr skónum niðri og fara upp í sal á annarri hæð. Þar syngið þið saman eitthvað af eftirfarandi lögum: Öxar við ána - Hann Tumi fer á fætur - Allur matur - Sól sól skín á mig 50 stig fást fyrir sönginn ef allir syngja með - 20 stig fyrir aukalag.

Ólafsvegur – bókasafn

Finnið, myndið og greinið tré.



Það fást 10 stig fyrir hverja trjátegund sem þið greinið. Hægt er að nálgast bækur um tré á bókasafninu og þar eru einnig stigin skráð. (hámark 60 stig)

Íþróttahús



Stígvélaspark/stígvélakast

Hver nemandi fær eina sparktilraun og samanlögð stig hópsins gilda. Hver nemandi fær líka eina kasttilraun – snýr baki í kastátt og kastar yfir höfuð sér. Samanlögð stig hópsins gilda í þessu líka.

Garðstígur (hjá Völlu)



Hringjakast

Hver nemandi kastar fimm hringjum og besta kastið hjá hverjum og einum gildir. Ef enginn hringur lendir á priki fást engin stig hjá þeim nemanda. Samanlögð stig hópsins skráð.

Ægisbyggð 10 (hjá Guðrúnu)


Körfubolti



Þrjú skot á mann. 10 stig fást fyrir hverja hitta körfu. Samanlögð stig hjá hópnum skráð.

Hjá Kastalanum á skólalóðinni

Pílukast



Þrjú köst á mann. Besta serían gildir til stiga. Þ.e. sá sem nær flestum stigum samanlagt í þremur köstum hefur unnið þau stig fyrir liðið

7.-9.bekkur

8:00	Rúta til Ólafsfjarðar
8:30-9:45	Val I (Hjólaferð- Golf-Leikir)
9:45-10:00	Frímínútur/nesti
10:00-11:15	Val II (Zumba-Golf-Leikir)
11:15-11:45	Grill
11:45-13:20	Sápuhokki og sund
13:20	Rúta til baka

4.-6.bekkur

8:40	Rúta til Ólafsfjarðar
9:00-10:00	Yfir og fleiri leikir (hús eldri borgara)
10:00-10:15	Frímínútur/nesti
10:15-11:45	Sápuhokki og sund
11:45-12:15	Grill
12:15-13:20	Indiana Jones og svo frjáls leikur á skólalóð (ýmislegt dót í boði)
13:20	Rúta til baka

1.-3.bekkur

8:40	Rúta til Ólafsfjarðar
9:00-10:15	Sund
10:15-10:30	Frímínútur/nesti
10:30-11:30	Leikir (Indiana Jones, köngulóaskotbolti o.fl.)

11:30-12:00 Grill
12:00-12:40 Frjáls leikur á skólalóð (ýmislegt dót í boði)
12:40 Rúta til baka


Niðurstöður / tillögur /athugasemdir:

- **Á útivistardegi í lok skólaárs er nóg að gera ráð fyrir 15-20 mínútum í hádegishlé.**
- **Leggja þarf meiri vinnu í að skipuleggja gönguferðir nemenda að hausti og upp kom hugmynd um að fá jafnvel björgunarsveitir til samvinnu.**
- **Stefnum á að bjóða upp á þrjár miserfiðar göngur fyrir elsta stigið næsta haust.**
- **Vatnsstríðið eftir Norræna skólahlaupið sló í gegn.**
- **Stigakeppni yngri nemenda féll í mjög góðan jarðveg hjá þeim og heppnaðist rosalega vel.**
- **Finna þarf flöt á því að skólahreystikeppendur fái sameiginlega æfingatíma undir handleiðslu þjálfara.**

Þann 22. október 2015 fóru Halla Óladóttir og Kristín Davíðsdóttir á landshlutfund Grænfánaskóla á Stóru-Tjörnum, þar sem kynnt voru skrefin 7 sem taka þarf til að verða Grænfánaskóli. Eftir þennan fund tók teymið formlega til starfa og Guðný Robertsdóttir kom þá til liðs við þær. Nefndin hélt reglulega fundi og fengum við tæknifulltrúa Fjallabyggðar til okkar til að ræða um tillögur að hönnun skólabalans og í framhaldi af þeim fundi gekk nefndin í stofur og afhenti teikningarnar til að nemendur gætu fjallað um þær og komið með breytingatillögur.



Eitt af fyrstu verkum nefndarinnar var að láta kaupa kassa sem merktir voru sérstaklega til að flokka pappír sem fóru í hverja stofu. Aðrir plastdallar fengu viðeigandi merkingar.



Pappírs Pési

Í tengslum við Alþjóðlegan dag móður jarðar, þann 22. apríl og Dag umhverfisins á Íslandi þann 25. apríl sendi nefndin hvatningarpóst til kennara um að fjalla um málefni svo sem loftslagsbreytingar og sjálfbærni. Hengdar voru upp myndir í skólunum af verkefnum fyrri ára um það efni. Hlekkir inn á gagnlegar slóðir voru sendir til kennara til að auðvelda þeim að hefja kennslu.

<http://www.natturan.is/samfelagid/efni/7492/>

www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/hvad-get-eg-gert/af-hverju/

<https://www.youtube.com/watch?v=XINgsT2yLgM>

<http://www.natturan.is/samfelagid/efni/7492/>

Lita og þrautabók um Fróðólf og Freyju og vistverndarspilið voru ljósrituð til notkunar í yngri bekkjum.

Umhverfisnefndir voru kosnar lýðræðislega í 1.-9. bekk. Á fyrsta fundi nefndanna skoðuðum við tvö myndbönd af ecoschools vefsíðunni, um skrefin 7 og verkefnið „Don't be a waster, be a saver“

<https://www.youtube.com/watch?v=7rkl-knZAbQ>

Fulltrúar bekkjanna fengu umsjónarkennara til að sýna myndböndin í bekkjunum.

Teymið hefur sóst eftir því að starfa áfram næsta vetur. Nemendur eru áhugasamir að hefja samstarfið og hafa sýnt ábyrgð og áhuga.



Umhverfisnefndir við Norðurgötu.

Þróunarteymi 2015-2016

Skýrsla að vori.

Í Grunnskóla Fjallabyggðar hefur í vetur verið starfandi þróunarteymi (námskrár- og sjálfsmatsteymi). Í því starfa Dóra, Arnheiður, Sigga Karls og Kristján. Teymið hefur fundað einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði. Á fundum teymisins hefur verið lögð áhersla á áframhaldandi vinnu um gerð skólanámskrár og uppfærslu starfsáætlunar ásamt því að sjá um sjálfsmat skólans.

Ágætlega hefur gengið í vetur og var regluleg sameiginleg vinna með kennurum og einu sinni öllu starfsfólki. Við náðum að fylgja áætlun í sjálfsmati en eigum eftir nokkra þætti í gæðagreini 5 (að vinna upp vorönn 2015). Klára þarf því gæðagreini 5 í haust.

Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2015 – 2018

Við sjálfsmat í Grunnskóla Fjallabyggðar er stuðst við sjálfsmatstækið Gæðagreinar 2. Auk þess er fengist við annað mat á starfi skólans s.s. með viðhorfskönnunum meðal nemenda, foreldra og starfsmanna með Skólapúlsinum. Auk þess fást upplýsingar í starfsmannaviðtölum sem nýtast við sjálfsmat skólans.

Verkáætlun: Stefnt er að því að fara í gegnum alla Gæðagreinana níu á þremur skólaárum. Í lok hvers skólaárs skima allir starfsmenn alla gæðagreina og sjálfsmatsskýrsla er unnin. Þá verður lokaskýrsla unnin í lok tímabils.

Tímabil vinnunnar	Viðfangsefni
Vorönn 2015	Gæðagreininir 5: Menntun - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2015	Gæðagreininir 2: Áhrif á nemendur - kennarar Gæðagreininir 3: Áhrif á starfsfólk – Allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2016	Gæðagreininir 4: Áhrif á samfélagið – kennarar Gæðagreininir 6: Stefnumótun og áætlanagerð - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl)

Haustönn 2016	<p>Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur</p> <p>Gæðagreinir 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk – allir starfsmenn Gæðagreinir 8: Samvinna og búnaður – allir starfsmenn</p> <p>Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)</p>
Vorönn 2017	<p>Gæðagreinir 1: Heildarárangur – kennarar Gæðagreinir 9: Forysta – allir starfsmenn</p> <p>Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla – stjórnendur</p>
Haust 2017	<p>Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október) Sjálfsmatsskýrsla – stjórnendur</p>
Vorönn 2018	<p>Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur</p>

Næsta skólaár þarf að halda áfram með reglulega kennarafundi þar sem við vinnum með gæðagreina. Við þurfum einnig að búa til gæðagreina, t.d. til að meta uppbrotsdaga. Eins þarf að leggjast yfir skólanámskrá og starfsáætlun m.t.t. nýrrar aðalnámskrár.

Fjallabyggð 8. júní 2016

Dóra, Arnheiður, Sigga Karls og Kristján.

Greinargerð heimasíðuteymis

Skólaárið 2015 – 2016

Teymið vinnur við vef- og ritstjórn heimasíðu skólans og heldur henni lifandi m.a. með því að setja inn fréttir, tilkynningar, efni og myndir tengdum skólastarfinu. Safna þarf upplýsingum um skólann á síðuna jafnóðum og þær verða til þ.a. að þær gefi góða mynd af skólastarfinu, stefnu skólans, námskrá og starfsháttum ofl.

Umsjón með heimasíðu er Sigríður Ingimundardóttir aðstoð við fréttir Guðný Róbertsdóttir

Ípad við Tjarnarstíg.

Þróun á notkun Ípada í kennslu miðar hægt hér hjá okkur á Tjarnarstígunum, en nokkuð örugglega. Kennarar eru í auknum mæli að átta sig á hvernig nýta má þá til að lífga upp á og gera kennsluna fjölbreyttari. Flestir eru mjög opnir fyrir notkun spjaldtölva í kennslu en við erum enn að læra og átta okkur á þeim takmörkunum sem tækið hefur þegar það er samnýtt með mörgum einstaklingum. Talsvert er til af efni sem hentar yngstu börnunum en það er misgott og nemendur verða fljótt leið á einhæfu efni sem til er í miklu magni á Istore. Mjög tímafrekt er að prófa þetta efni sem er gjaldfrítt og það er misjafnt að gæðum.

Kennarar sækja í kennslu eða leiðsögn varðandi hvernig best er að nýta þá og örfáir nemendur kunna meira en kennararnir en það þyrfti að nýta stigsfundir eða skipuleggja einhverskonar miðlunarstundir sem kennarar prófuðu saman eða kynntu hvað er gagnlegt.

Með innleiðingu Google apps for education opnast möguleikar á að nýta Ípad í textavinnslu og hver nemandi getur unnið verkefni/texta sem vistast á öruggum stað á svæði viðkomandi á Google. Þessi kostur mun auka notagildi Ípada mikið og getur sparað pappír/ljósritun umtalsvert. (allavega vonin að svo verði).

Á miðstiginu er ekki mikið af öppum sem teljast mættu góð/heppileg þ.e. lítið hefur bæst við síðan fyrst í haust þegar við höfðum 4 tæki því þau forrit sem æskilegt væri að nota/eða hafa verið prófuð eru mjög takmörkuð og krefjast uppfærslu til ítarlegri aðgangs og þá kosta þau öll 5 – 10 dollar og ekki hefur verið í boði að skólinn kaupir aðgang ennþá sem þarf að ráða bót á ef nýta á gripina að fullu. Ókeypis efni fylgir undantekningarlítið mikið auglýsingaréiti þar sem verið er að bjóða upp á kaup/áskrift á meiri þjónustu. Best nýtast tækin við upplýsingaleit á google eða Vísindavef.

Nemendur í 6. bekk hafa m.a. nýtt Ípad til að lesa rafbækur á náms þ.e. ekki var keypt pappírsbók með íslenskuefni og passað upp á að nemendur geti flett í rafbókinni þegar þörf er á. Einnig hefur verið leitast við að setja beina tengla af náms inn á Miðstigsstöppu til að einfalda aðkomu nemenda og flýta fyrir aðgangi.

Talsvert hefur verið prófað af (ókeypis) forritum/öppum en vanda þarf valið á því sem nauðsynlegt má telja að sé þess vert að kaupa því minnið í tækjunum er takmarkað. Ógrynni af efni er í boði en vanda þarf valið og takmarka kostnað með hámarks nýtingu. Það er deginum ljósara að ekki er hægt að kaupa allt sem í boði er og nauðsynlegt að leita ráða um hvað er ómissandi.

Wifi samband hefur gengið nokkuð vel við Tjarnarstíginn það sem af er þ.e. þegar nemendur eru að vinna/leita enda sjaldan sem heil bekkjardeild er með tæki á mann en þegar ætlunin er að hlaða niður í marga padda í einu hægir á öllu kerfinu og það er þolinmæðisvinna og tímafrekt að setja inn í alla.

Hleðslumál hafa gengið vel og ekki neitt borið á að gleymst hafi að hlaða tækin.

VANDAMÁL sem leysa þarf.

Vandkvæði sem tengjast samnýtingu á Apple idii (Apple auðkenni ?) eru varðandi myndatökur og geymslu á myndum – allar myndir teknar á einu tæki birtast á öllum pöddum á sama auðkenni og okkar eru allir á sama. Kannski er skynsamlegt að hafa unglíngastigið á öðru auðkenni. Nauðsynlegt er að takmarka leik nemenda á myndavélinni því óratími fer í að hreinsa út óæskilegar myndir og jafnvel hefur borið við að „dónamyndir“ hafi birst á Ípöðum á Tjarnarstíg sem eiga upptök sín á unglíngastigi við Norðurgötuna.

Námsefni á nams.is er að nýtast að einhverju leiti en bagalegt er að flott myndefni sem t.d. krefst „flash player“ (adobe reader) er ekki mögulegt að spila á Ípad nema með einhverjum krókaleiðum

sem felast í að kaupa app/öpp sem leiða framhjá þessum vankanti (5 – 10 dollara) og ekki á hreinu að það virki hér á landi. Endurhönnun námssíðunnar hefur líka truflað notkun því þar er ekki allt að virka sem á að virka en vonandi stendur það til bóta.

Ljóst er að svo lengi lærir sem lifir.

Við erum alltaf að bæta við okkur reynslu og á óskalistaum er:

1) greiðslukort/fjárveiting til að geta keypt nytsamleg öpp af Istore.

2) heyrnartól til að grípa með fyrir hlutstun.

3) Kannski er skynsamlegt að eiga nokkur laus lyklaborð sem sækja má ef vinna á lengri textvinnslu eða er kannski eina vitið að kaupa nokkrar **Crome book** tölvur til að prófa (vinna alffarið með Google scholar). Þetta gæti verið góður kostur til að nýta í kennslistofum samhliða Ipad. Þessar tölvur eru ekki með neitt minni að ráði heldur „skýjageymslur“ hjá Google en hafa alla aðra kosti fartölva þ.e. ef þráðlaust netsamband er til staðar.

Ása Árnadóttir

Teymi Grunnskóla Fjallabyggðar 2015 – 2016

Skýrsla stoðteymis

Stoðþjónusta/olweusar - teymi

Sérkennari, þroskaþjálfar, iðjuþjálfari eiga sæti í teyminu. Sigurlaug Ragna var formaður olweusarteymisins og kom inn á þá fundi þar sem rædd voru mál í tengt því teymi. Sérkennari vann sem umsjónarkennari 1&2 bekkjar og unnu Guðný, Mundý og Ólöf í stuðningi við Tjarnarstíg og þroskaþjálfar höfðu yfirumsjón með sérkennslu/aðstoðarkennslu við Norðurgötu. Margrét Guðmunds, þroskaþjálfari, gengdi 50% starfi við sérkennslu og 50% stöðu skólaráðgjafa. Sérkennari, iðjuþjálfari og þroskaþjálfari fara á milli starfsstöðva og sinna ráðgjöf og greiningum. Stuðningsfulltrúar og kennarar sem koma að sérkennslu eða stuðningi vinna undir stjórn umsjónarkennara, sérkennara og/eða verkefnisstjóra í námsveri.

Á starfsárinu voru haldnir 9 stoðteymisfundir. Við teljum nauðsynlegt að hafa samráðsfundi mánaðarlega og gekk það ágætlega í vetur, þar sem við funduðum á teymisfundatíma. Faglega er gott að fá stuðning hver af annarri og fara yfir hvað verið er að gera á hinum starfsstöðunum og hjálp við að finna málum farveg og úrræði. Þegar þörf var að ræða mál Olweusarteymis þá sat Sigurlaug fundina. Margrét sat vinnufundi með stuðningsfulltrúum einu sinni í viku í vetur.

Sonja talmeinafræðingur kom 3x til Siglufjarðar á skólaárinu 2015 - 2016. 1x að hausti og 2x eftir áramót.

Sálfræðingur starfaði við Grunnskólann á skólaárinu og kom hann 12 sinnum í bæði skólahúsin á hálsmánaðar fresti.

Í vetur var þróað kerfi þar sem fyllt var út ASEBA fyrir alla nemendur sem sóttu tíma hjá sálfræðingi áður en þau fóru í fyrsta viðtal. 15 nemendur fóru í gegnum það kerfi.

Margrét þroskaþjálfari og Sigurlaug Ragna fóru á haustdögum á námskeið suður til Reykjavíkur sem ber heitið erfið samskipti stúlkna og héldu í framhaldi slík námskeið á miðstigi. Fyrir áramót var 10 vikna stelpunámskeið í 7. bekk og eftir áramót var byrjað á 10 vikna námskeiði með stúlkur í 6. bekk en þörf var á framlengja það um 10 vikur. Stefnt er á að halda þessari vinnu áfram næsta vetur.

Margrét fór á málþingið hjá Heimili og skóla um skóla án aðgreiningar.

Kristín Guðmundsdóttir sótti námskeið í PALS bæði lestri og stærðfræði.

Kristín Guðmundsdóttir fór á vörðstefnum Greiningarstöðvar.

Kristín Guðmundsdóttir sat tvo skilafundi vegna barna með einhverfu og aðrar sérþarfir sem munu koma í verðandi 1. bekk. Kristín fór einnig á skilafundinn vegna verðandi 1. bekkjar barna á Siglufirði. Erla sat skilafund í Ólafsfirðið ásamt Ólöfu Kristínu umsjónarkennara verðandi 1. bekkjar barna á Ólafsfirði og skólastjóri sat fundina bæði á Ólafsfirði og Siglufirði.

Erla sat skilafund í síma við þroska og hegðunarmiðstöð vegna nemenda á yngsta stigi.

Margrét sat fundi með skólahjúkrunarfræðingi og lækni.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur kom 2x í vetur í heimsókn vegna tveggja fósturdrengja í 10. bekk sem eru í fóstri á Sauðanesi

Alls voru haldnir 5 nemendaverndarráðsfundir.

Teymisfundir voru einnig haldnir vegna nokkurra barna og sat fulltrúi teymis þá fundi. Margrét sat fast mánaðarlega teymisfund með móður nemanda á miðstigi ásamt aðstoðarskólastjóra og fulltrúa félagsþjónustu fram að áramótum en vinnan með nemendann hélt áfram í einstaklingsviðtölum hjá Margréti.

Erla sá um GRP14 greiningarvinnu í 9. bekk – og eru þær skýrslur í vinnslu – einnig tók Erla LOGOS af nokkrum einstaklingum til ýtarlegri skoðunar og er að klára þá vinnu. Gerði tilraun til að skoða í LOGOS greiningarforritinu stöðu 2 nemanda í 4. bekk – en varð frá að hverfa þar sem það tóks ekki að vinna með nemandanum.

Samstarf Olweusarteymis og Stöðteymis gekk vel í vetur.

Einn nemandi í skólanum fékk aðstoð frá skólaráðgjafa til að mæta í skólann. Sú vinna fór fram í samvinnu við sálfræðing skólans. Skólaráðgjafinn náði í nemendann heim um tíma og fylgdi honum í skólann.

Samstarfshópurinn: Erla Gunnlaugsdóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir, Kristín Anna Guðmundsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir.

Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2015 – 2018

Við sjálfsmat í Grunnskóla Fjallabyggðar er stuðst við sjálfsmatstækið Gæðagreinir 2. Auk þess er fengist við annað mat á starfi skólans s.s. með viðhorfskönnunum meðal nemenda, foreldra og starfsmanna með Skólapúlsinum. Auk þess fást upplýsingar í starfsmannaviðtölum sem nýtast við sjálfsmat skólans.

Verkáætlun: Stefnt er að því að fara í gegnum alla Gæðagreinana níu á þremur skólaárum. Í lok hvers skólaárs skima allir starfsmenn alla gæðagreina og sjálfsmatsskýrsla er unnin. Þá verður lokaskýrsla unnin í lok tímabils.

Tímabil vinnunnar	Viðfangsefni
Vorönn 2015	Gæðagreinir 5: Menntun - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2015	Gæðagreinir 2: Áhrif á nemendur - kennarar Gæðagreinir 3: Áhrif á starfsfólk – Allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2016	Gæðagreinir 4: Áhrif á samfélagið – kennarar Gæðagreinir 6: Stefnumótun og áætlanagerð - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2016	Gæðagreinir 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk – allir starfsmenn Gæðagreinir 8: Samvinna og búnaður – allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2017	Gæðagreinir 1: Heildarárangur – kennarar Gæðagreinir 9: Forysta – allir starfsmenn Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla – stjórnendur
Haust 2017	Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október) Sjálfsmatsskýrsla – stjórnendur
Vorönn 2018	Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur

Helstu niðurstöður nemendakönnunar í 6.-7. bekk

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Hún var lögð fyrir með vefkerfinu Skólapúlsinn og er ætlað að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í skólanum um virkni þeirra í skólanum, líðan og skóla- og bekkjaranda. Könnunin var lögð fyrir í október. Hér eru eingöngu dregnar fram þær niðurstöður sem víkja frá meðaltali á landsvísu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Það sem vel er gert að mati nemenda í 6.-7. bekk og könnunin sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- *Áhugi á stærðfræði* fær einkunina 6,0 en landsmeðaltal er 5,3
- *Ánægja af lestri* fær einkunina 5,4 þegar landsmeðaltal er 5,1
- *Ánægja af náttúrufræði* fær einkunina 5,6 en landsmeðaltal er 5,2
- *Trú á eigin námsgetu* fær einkunnina 5,5 en landsmeðaltal er 5,1
- *Hollt matarræði* fær einkunina 5,7 en landsmeðaltal er 5,0
- *Agi í tímum* mælist 6,0 hér við skólann en landsmeðaltal er 5,2
- *Mikilvægi heimavinnu í námi* fær einkunnina 5,8 en landsmeðaltal er 5,2
- *Hlutfall hreyfingar* meðal nemenda í 6.-7. bekk er 82% en 71% á landsvísu

Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Þátturinn *Trú á eigin vinnubrögð í námi* fær einkunina 4,8 en landsmeðaltal er 5,3
- Þátturinn *Stjórn á eigin lífi* fær einkunina 4,4 þegar landsmeðaltal er 5,0
- Liðurinn *Einelti* fær einkunina 6,1 í skólanum en er með landsmeðaltalið 5,1
- *Samsömun við nemendahópinn* er undir landsmeðaltali hjá okkur, fær einkunina 4,5 en landsmeðaltal er 5,1
- Liðurinn *Samband nemenda við kennara* mælist með einkunina 4,8 en landsmeðaltal er 5,2
- Liðurinn *Virkt þátttaka nemenda í tímum* fær einkunina 5,0 en landsmeðaltalið er 5,3.

Þeir þættir könnunarinnar sem komu út svo til á pari við landsmeðaltal voru þættir eins og *Þrautseigja í námi, sjálfsálit og vellíðan*.

Helstu niðurstöður nemendakönnunar í 8.-10. bekk

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Hún var lögð fyrir með vefkerfinu Skólapúlsinn og er ætlað að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í skólanum um virkni þeirra í skólanum, líðan og skóla- og bekkjaranda. Könnunin var lögð fyrir í október. Hér eru eingöngu dregnar fram þær niðurstöður sem víkja frá meðaltali á landsvísu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Það sem vel er gert að mati nemenda í 8.-10. bekk og könnun sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- *Þrautsegja í námi* mælist með töluna 5,5 en landsmeðaltal er 5,2
- *Hreyfing* nemenda mælist hærri en á landsvísu. Skólinn fær prósentutöluna 77% á meðal landsmeðaltal er 71%
- Nemendur gefa þættinum *Samband nemanda við kennara* einkunina 5,5 þegar landsmeðaltalið er 5,2
- Liðurinn *Virk þátttaka nemenda í tímum* fær einkunina 5,5 en landsmeðaltal er 5,3
- *Mikilvægi heimavinnu* mælist einnig marktækt yfir landsmeðaltali. Skólinn fær mælitöluna 6,0 en landsmeðaltal er 5,1

Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Liðurinn *Ánægja af lestri* er undir landsmeðaltali. Hann fær einkunina 4,5 hjá nemendum en landsmeðaltal er 5,1
- *Ánægja af náttúrufræði* mælist með töluna 4,8 en landsmeðaltal er 5,2
- *Trú á eigin vinnubrögð* í námi fær niðurstöðutöluna 5,0 en landsmeðaltal er 5,3
- *Sjálfsálit* fær niðurstöðutöluna 4,2 en landsmeðaltal er 5,1
- *Stjórn á eigin lífi* fær einkunnina 4,8 en landsmeðaltal er 5,0
- *Velliðan* fær töluna 4,6 en landsmeðaltal er 5,0
- *Hollt matarræði* fær einkunnina 4,7 en landsmeðaltal er 5,0
- *Samsömun við nemendahópinn* fær einkunnina 4,5. Landsmeðaltal er 5,1
- *Agi í tímum* fær einkunina 4,9 en landsmeðaltal er 5,2

Þeir þættir könnunarinnar sem komu út svo til á pari við landsmeðaltal voru þættir eins og *Áhugi á stærðfræði, trú á eigin námsgetu og einelti*.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar í Grunnskóla

Fjallabyggðar, lögð fyrir í mars 2016

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Skólinn notar vefkerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja starfsmenn í skólanum um: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um: viðhorf til skólans, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Niðurstöður er svo bornar saman við 57 aðra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Fram kemur í rekstrarhluta könnunarinnar að:

- Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks sem sinnir kennslu er 8,5 á meðan landsmeðaltal er 10,4
- Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf er 14,6 en landsmeðaltalið er 24
- 36,8% af heildarstöðugildum við skólann er varið í önnur störf en kennslu en á landinu er það hlutfall 32,8%
- 10,3% kennara við skólann eru karlmenn en á landinu er það hlutfall 18,6%
- 3,4% kennara við skólann eru án háskólamenntunar. Á landinu er það hlutfall 1,4%
- 9,8% nemenda við skólann fá sérkennslu en á landinu er það hlutfall 23,6%
- 5,4% nemenda við skólann fá sérstuðning annan en sérkennslu en 6,8% á landinu öllu
- Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað tungumál er 2% en á landinu er það hlutfall 5,7%
- Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi er 21 en á landinu er fjöldinn 20,3
- Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi er 17 en á landinu er fjöldinn 21,7
- Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unglíngastigi er 24 en á landinu er fjöldinn 22,3
- Fjöldi nemenda á hverja tölvu í skólanum er 3,8 en landsmeðaltal sýnir að 5,5 nemendur eru á hverja tölvu
- Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra er 77,8% en er 65,7% á landinu öllu

Það sem vel er gert að mati starfsmanna eða könnun sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- Starfsánægja í skólanum fær einkunnina 5,4. Landsmeðaltal er 5,1
- Fjarvera starfsmanna hluta úr degi undanfarinn mánuð mælist 0,8 skipti en 1,2 skipti á landinu
- 77,8% starfsmanna segjast hafa farið í starfsmannaviðtal undanfarið. Landsmeðaltal er 69,2%
- 88,9% starfsfólks finnst nýlegt starfsmannaviðtal hafa verið mjög eða frekar gagnlegt. Landsmeðaltal 82,4%
- 2,8% starfsfólks varð fyrir áreitni á síðustu 12 mánuðum af hálfu starfsfólks, nemenda eða foreldra. Slíkt hlutfall er 18,1% á landsvísu
- Starfsandi innan skólans mældist 5,6 en er 5,0 á landinu öllu
- Upplýsingastreymi innan skólans fær einkunnina 5,6 þar sem landmeðaltal er 4,7
- Starfsmenn gefa stjórnun skólans einkunnina 5,7 en landsmeðaltal þar er 5,0
- Starfsaðstaða í skólanum fær einkunnina 4,9 en 4,6 á landinu öllu
- Trú kennara skólans á eigin getu fær einkunnina 5,3 þar sem landsmeðaltal er 4,8
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika mælist með töluna 5,7 en 4,7 á landinu
- Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda fær einkunnina 6,1 en 4,8 á landinu
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara fær einkunnina 5,8. Landsmeðaltal er 4,9
- Samvinna um kennslu fær einkunina 5,9. Landsmeðaltal er 5,1
- Valddreifing við ákvarðanatöku fær einkunnina 5,5. Landsmeðaltal 4,6
- Vinnuaðstaður kennara fá töluna 5,9. Landsmeðaltal er 5,1
- Virk samvinna um skólaþróun og umbætur fær töluna 5,5 en landsmeðaltal er 4,7
- 56,2% kennara svara því til að mat og endurgjöf stjórnenda í daglegu starfi sé hæfileg meðan landsmeðaltal er 43,8%
- Einstaklingsmiðuð kennsla. 72,7% kennara segjast nota einstaklingsmiðaða kennslu næstum alltaf eða alltaf. Landsmeðaltal er 46,1%

Það sem betur má fara eða niðurstöður starfsmannakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Einelti meðal starfsfólks mælist með tíðnina 8,3% sem er reyndar undir landsmeðaltali sem er 9,6%. Í fyrra mældist Grunnskóli Fjallabyggðar með 13% einelti meðal starfsfólks og því má segja að þróunin sé jákvæð þó alltaf megi gera betur.
- Upplýsingamiðlun til foreldra mælist 4,7 en 5,0 á landinu
- 83,3% kennara finnst sanngirni mats og endurgjafar á störf þeirra hæfileg meðan landameðaltal er 90,4%
- Gagnsemi mats og endurgjafar mælist 83,3% en landsmeðaltal er 87,5%
- Nýting á niðurstöðum kennaramats er 4,1. Landsmeðaltal er 4,5
- 73,7% kennara hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði en þeir fengu. Sambærilegt hlutfall á landsvísu er 58,8%.

Annað sem fram kemur í könnuninni er að:

- Kennarar eyða um 55 mínútum í heimavinnu á viku en landsmeðaltal er 45,6 mínútur
- Kennarar við Grunnskóla Fjallabyggðar sinna 68,2% undirbúnings kennslu í skólanum en á landinu er það hlutfall 69,9%
- 52,4% kennara segjast alltaf eða næstum alltaf kenna öllum bekknum (námsþópnum) í einu en 47% kennara á landinu
- Einstaklingsvinna í bekk – hlutfall kennara sem láta nemendur vinna sjálfstætt alltaf eða næstum alltaf- er 40,9% þar sem landsmeðaltal er 31,2%
- Áhersla kennara á námsmat með prófum er 31,8% en 21,8% á landinu
- Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er 76,2%. Landsmeðaltal er 74,2%
- HópaVinna í bekk mælist 31,8% en á landinu 28,7%. Þessi tala hefur hækkað mikið hjá okkur síðan í fyrra þegar hópaVinna í bekk mældist 20% í Grunnskóla Fjallabyggðar

Foreldrakönnun Skólapúlsins 2015-2016

Niðurstöður foreldra nemenda í 1.-10.bekk

Lögð fyrir í febrúar 2016. Könnunin er liður í sjálfsmati Grunnskóla Fjallabyggðar.

Niðurstöður eru ýmist birtar í prósentutölum eða stigum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Skólinn er borinn saman við skóla af sambærilegri stærð og aldurssamsetningu.

Sterkar hliðar.

- Foreldrar eru almennt ánægðari með *stjórnun skólans* en á landsvísu. Munurinn er 2,8% sem telst þó ekki marktækur.
- Foreldrar eru ánægðari með *hæfilega áherslu skólans á námsmat með hefðbundnum prófum*. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 4,2%
- Foreldrar eru ánægðari með *hæfilega áherslu skólans á annað námsmat en með hefðbundnum prófum*. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 8,6%
- *Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans í eineltismálum* er 11,9% meiri hér en á landinu öllu.
- *Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum* er 8,2% yfir landsmeðaltali.
- *Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans* er 4,2% yfir landsmeðaltali.
- *Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur* er yfir landsmeðaltali sem nemur 5,2%
- *Ánægja með síðasta foreldraviðtal* var 3,3% meiri en á landinu.
- *Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum* var marktækt yfir landsmeðaltali sem nemur 12,2%

Veikar hliðar.

- *Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra* er lakari en í sambærilegum skólum. Munar þar 5,3 % sem er marktækur munur. Bæði strákar og stúlkur eru undir landsmeðaltali og mestur er munurinn í 1.-4. bekk en munurinn minnkar eftir því sem nemendur eru eldri.
- *Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt* mælist 4,1% undir landsmeðaltali sem telst þó ekki marktækur munur.
- *Hlutfall nemenda sem nýta sér tómstundabjónustu/frístundaheimili* er marktækt minni en á landinu. Munar þar 12,1%
- *Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti* er marktækt undir landsmeðaltali og er munurinn 10,6%. Foreldrar stúlkna virðast vera óánægðari en drengja og mest er óánægjan á miðstigi en minnst á unglingsstigi.
- *Notkun á mötuneyti* er langt undir landsmeðaltali. Hlutfallið hér er 71,1% en 86;9% á landinu, þar munar því 15;8%. Þó er notkunin í 1.-4. bekk yfir meðaltali, í 5.-7. bekk er hún 6,3% undir landsmeðaltali en í 8.-10. bekk er notkunin 28,2% undir landsmeðaltali.
- *Virgni foreldra í námi barna sinna* er 0,4 stigum undir landsmeðaltali en það er viðsnúningur frá því í fyrra þegar þessi þáttur var 0,4 stigum yfir landsmeðaltalinu.

- Þátturinn *Hæfileg heimavinna að mati foreldra*, mælist undir meðaltali sem nemur 7,9%. Munurinn er ekki marktækur. Það má lesa út úr niðurstöðunum að foreldrum þykir heimavinna frekar vera of mikil heldur en of lítil.
- *Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám* er minni en á landinu, munurinn er 7,3% sem telst ekki marktækur munur.
- *Ánægja foreldra með sálfræðipjónustu* mælist 11,1% minni en á landinu.